



Ægifagur regnbogi heillaði vegfarendur í miðborg Reykjavíkur í gær. Þessi fjölskylda ætlaði ekki að missa af góðu myndatækifæri og stillti sér upp fyrir framan MR. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ráðherra tjáir sig ekki um Finnafjörð

Umhverfisráðherra, sem skrifaði árið 2012 undir neikvæða umsögn vegna áförmu um uppbyggingu stórskipahafnar í Finnafirði, vill nú ekki tjá sig um málið. Sveitarstjóri Langanesbyggðar segir að samfélagsleg áhrif yrðu jákvæð þrátt fyrir umhverfisáhrif.

UMHVERFISMÁL Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, skrifaði árið 2012 undir umsögn Landverndar þar sem uppbygging stórskipahafnar í Finnafirði er harðlega gagnrýnd. Guðmundur, sem þá var framkvæmdastjóri Landverndar, vill hins vegar ekki tjá sig um málið nú.

Í svari aðstoðarmanns ráðherrans við fyrirspurn Fréttablaðsins

segir að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hafi farið yfir stöðu málsins í ríkisstjórn en ríkið hafi enga fjárhagslega aðkomu að málinu. Umhverfis- og auðlindaráðherra hafi engu við þetta að bæta.

Í umsögninni frá 2012, sem var gerð við aðalskipulag Langanesbyggðar, er það gagnrýnt að hluti svæðis á náttúruinjasrá eigi að fara undir framkvæmdirnar.

Eliás Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, viðurkennir að framkvæmdin muni hafa neikvæð umhverfisáhrif en samfélagsleg áhrif yrðu jákvæð fyrir svæðið.

„Svona stórar framkvæmdir munu að einhverju leyti breyta ásjúnd svæðisins og sjónræn áhrif framkvæmdanna verða líkast til einhver. Hins vegar er það alveg ljóst að þessar framkvæmdir munu á móti hafa afar jákvæð

efnahagsleg og samfélagsleg áhrif á byggðirnar hér í kring,“ segir Eliás.

Fyrr í mánuðinum var undirritaður samstarfssamningur um þróun og uppbyggingu hafnarstarfsemi í Finnafirði á milli Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Þýska hafnarfélagsins Bremenports og verkfræðistofunnar Eflu. Samhliða var þróunarfélagið FFPD stofnað en það mun vinna að öflun sérleyfishafa til

að hefja starfsemi innan svæðisins. Svæðið sem um ræðir er um 1.300 hektarar að stærð. Gert er ráð fyrir miklum landfyllingum en í greinargerð segir að ekki sé hægt að áætla magnið fyrr en hönnun liggja fyrir. Umhverfisstofnun telur miklar landfyllingar umhugsunarverðar á landsvæði sem sé að mestu leyti ósnortið af manngerðum framkvæmdum og að hluta á náttúruinjasrá. - **sa / sjá síðu 4**

Furða sig á viðbrögðum stjórnvalda

DÓMSTÓLAR Hæstaréttarlögmennirnir Gestur Jónsson og Ragnar H. Hall furða sig á viðbrögðum stjórnvalda við endurteknum dómum Mannréttindadómstóls Evrópu er varða tvöfalda refsingu vegna sama brotsins.

Í grein í blaði dagsins gera þeir nýskipaða nefnd sem fjalla á um málin að umtalsefni.

„Þá veður það athygli og undrun okkar að nefnd sem á að gera tillögur um viðbrögð stjórnvalda við umræddum dómum skuli ekki falid það verkefni að gera tillögur um hvernig rétta skuli hlut þeirra sem mannréttindi hafa verið brotin á með löglausum refsingum á liðnum árum.“ **Sjá síðu 11**

Tækifæri fyrir Ísland í fjórðu iðnbyltingunni

SAMFÉLAG Formaður nefndar forsætisráðherra um fjórðu iðnbyltinguna segir að Ísland sé vel undirbúið fyrir þær tæknibreytingar sem fram undan eru. Leiðin til að takast á við breytingarnar séu félagslegar aðgerðir.

Ýmsum spurningum sé þó ósvarað þegar kemur að áskorunum framtíðarinnar. Meðal annars þurfi að taka skynsamlega á því hvernig ávöxtum mögulegrar framleiðni aukningar verði skipt. Þá þurfi að spyrja að því hver markmiðin séu með tæknibreytingum. Hingað til hafi iðnbyltingar knúið aukinn hagvöxt og framleiðslu en kröfur dagsins í dag séu fleiri. - **sar / sjá síðu 6**

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Sigurborg Ósk Haraldsdóttir skrifar um aðgengi að rafhjólum. **10**

TÍMAMÓT Stjórnar Karlaórf Reykjavíkur, þrítugasta árið í röð. **16**

MENNING Hátíð lesenda. Sérstök barnadagskrá, heidursverðlaun og alþjóðleg bókmenntaverðlaun meðal þess sem er á dagskrá. **20**

LÍFID Fyrsti þátturinn af Kling-Kling var frumsýndur í Smárabíói á föstudagskvöld en þættirnir koma úr smíðju rapparans Herra Hnetusmjörs. **30**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Krambúðin

Opnum snemma
- lokum seint
15 verslanir um land allt



Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis

Veður



Norðaustan 5-10 og dálitil el N-til á landinu í dag. Bjart veður sunnan heiða, en skúrir á stöku stað síðdegis. Norðaustan 8-13 á NA-verðu landinu og slydda eða snjókoma fram eftir morgni, en úrkomulítið síðdegis. **SJÁ SÍÐU 18**

Eldur í Grafningi

ELDSVOÐI Eldur kom upp í sumarhúsi í Grafningi, skammt frá Þingvöllum, á fimmta tímanum í gær. Slökkvilið Árnassýslu var sent á staðinn auk dælubíls frá slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Tókst slökkviliðsmönnum að ráða niðurlögum eldsins.

Haukur Grönlí, stöðvarstjóri hjá brunavörnum Árnassýslu, segir að enginn hafi verið í hættu vegna eldsins. Fólk hafi verið í húsinu en það náði að koma sér út. Til stóð að fylgjast með húsinu í nótt til að tryggja að engar glæður lifi enn. Haukur segir að betur hafi farið en á horfðist en töluverðar reykskemmdir urðu í húsinu.

Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá eldstæði en nánari rannsókn fer fram í dag. - oæg



Frá Landeyjahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Dýpkun hafin í Landeyjahöfn

SAMGÖNGUR Dýpkunarskipið Dísá hóf síðdegis í gær dýpkun í Landeyjahöfn. Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, gagnrýndi í samtali við eyjar.net forsvarsmenn Björgunar, sem sér um framkvæmdina, fyrir að hafa ekki geta brugðist fyrir við göðum aðstæðum til verksins.

Það sé óboðleg staða fyrir Eyjamenn að höfnin sé enn lokað þegar komið sé í síðustu viku aprilmánaðar. Það hafi legið fyrir að ölduspáin færi niður á sunnudag en Björgun ekki verið með áhöfn tilbúna. Eyjamönnum sé hreinlega haldið í gíslingu. - oæg

Nærandi sjósund í Nauthólsvík



Hvað er betra en hressandi og nærandi sjósund eftir páskaeggjaát síðustu daga? Sumir ákváðu að eiga rólega stund á Ylströndinni í Nauthólsvík og nutu veðurblíðunnar sem heilsaði íbúum á suðvesturhorninu í morgunsárið í gær, aðrir kusu að steypa sér í sjóinn. Sjávarhitinn í Nauthólsvík var 7,3 gráður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bærilegur sumardagur

VEÐUR Skil ganga yfir landið í dag með vaxandi úrkomu og vindi víða um land. Úrkomnan verður yfirleitt í forni rigningar sunnan- og vestanlands, en slydda eða jafnvel snjókoma norðan- og austanlands fyrirpart dags, en fer yfir í rigningu þegar liður á daginn.

Sumardagurinn fyrsti er á fimmtudaginn, en samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands verður sá dagur að líkindum sá besti í vikunni, að minnsta kosti með tilliti til veðurs.

Á morgun fara hitaskil vestur yfir landið með rigningu.

Það er því útlit fyrir ágætis hátíðarveður í flestum landshlutum á fimmtudaginn og að sólríkt verði og fremur hlýtt. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er viðast hvar fært en þó er eitthvað um hálfu og hálkubletti á fjallvegum á vestur- norður- og austurhluta landsins. - la

Ílengist í dómsmálum

Nýr dómsmálaráðherra verður líklega ekki skipaður fyrr en eftir að þingið fer í sumarfrí. Sigríður Andersen sögð áfram um að setjast aftur í ráðherrastól.

STJÓRNMÁL Sigríður Á. Andersen er sögð mjög áfram um að setjast aftur í stól dómsmálaráðherra en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er breytinga á ráðherraskipan í ríkisstjórn ekki að vænta alveg á næstunni og líklega ekki fyrr en eftir þinglok í vor.

Þegar Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir tók við dómsmálaráðuneytinu um miðjan síðasta mánuð sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins að um bráðabirgðaráðstöfun væri að ræða og Þórdís myndi gegna báðum ráðherrastöðum í nokkrar vikur. Framhaldið yrði metið með þingflokki Sjálfstæðisflokksins og samhliða því yrði að skipta verkum upp á nýtt í þingflokknunum.

Nú eru tæpar sex vikur liðnar frá því Þórdís tók við dómsmálunum og þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við segja ekki mikla hreyfingu á málinu. Líklegt sé að beðið verði með breytingar þar til eftir þinglok í vor til að halda ró í þingflokknunum, enda þeir þingmenn sem hafa áhuga á embættinu líklegri til að vera samstarfsfúsir meðan embættinu er óráðstafað. Samkvæmt starfsáætlun Alþingis lýkur vorþingi 5. júní.

Þau sem helst hafa verið orðuð við ráðuneytið eru Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Birgir Ármannsson. Þórdís Kolbrún mun ekki vilja láta sitt ráðuneyti laust en hún hefur gegnt stöðu ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í tæp tvö og hálf ár. Því þykir ekki líklegt að hrókerið verði í ríkisstjórn með þeim hætti að hún fari yfir í dómsmálin en nýr ráðherra komi inn í hennar ráðuneyti. Var þingmaðurinn Haraldur Benediktsson sérstaklega nefndur í þessu tilliti en einnig að Kristján Þór Júlíusson færi mögulega í iðnaðarráðuneytið og Haraldur í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálin. Þórdís Kolbrún



Þórdís tók við dómsmálunum af Sigríði þann 14. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

» Þórdís hefur gegnt tveimur ráðherraembættum í tæpar sex vikur. Um skammtímalausn átti að vera að ræða.

heldur hins vegar í sitt ráðuneyti og ekki þykir líklegt að farið verði heldur vilja varaformannsins.

Þær breytingar á þingflokki Sjálfstæðisflokksins sem Bjarni vísaði til um miðjan mars, gætu tekið til formennsku í utanríkismálanefnd sem Áslaug Arna gegnir og til formennsku í þingflokknunum sem Birgir Ármannsson fer með. Bæði hafa þau verið orðuð við dómsmálaráðuneytið og ljóst að fela þyrfti öðrum hlutverk þess sem flyttist í dómsmálaráðuneytið.

Þá hefur Sigríði Andersen enn ekki verið falið sérstakt hlutverk í

þingflokknunum. Samkvæmt þingköpum á þingmaður rétt á sæti í minnst einni fastanefnd en Sigríður hefur enn ekki tekið fast sæti í neinni af nefndum þingsins og er hún sögð sækja það fast að setjast aftur í ráðherrastól nú þegar búið er að ákveða að vísa Landsréttarmálinu til efri deildar Mannréttindadómstóls Evrópu. Sigríður lét þess sérstaklega getið þegar hún sagði af sér að hún viki aðeins tíma bundið til hliðar meðan unnið væri úr þeirri stöðu sem upp kom þegar Mannréttindadómstóll Evrópu kvad upp dóm sinn í Landsréttarmálinu.

Þeir sem Fréttablaðið ræddi við telja þó ekki líklegt að Sigríður setjist aftur í ráðherrastól að svo stöddu og líklega ekki fyrr en í fyrsta lagi þegar lokaniðurstaða er komin í Landsdómsmálið í Strassborg. adalheidur@frettabladid.is



Verkalýðsfélagið Hlíf

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn mánudaginn 29. apríl 2019, kl. 17:30. Fundurinn verður haldinn í félagsheimili Vlf. Hlífar að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstjórn
 2. Kosning í kjörstjórn
 3. Önnur mál
- Léttar veitingar.

Stjórnin.


SUMARIÐ HEFST MEÐ SUMARGJÖFINNI!

**TIL ÞÍN
frá
OKKUR**




Barn náttúrunnar
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-


**KEMUR ÚT
Í DAG!**




Vonum það besta
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-



Svikarinn
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-



Glæpur við fæðingu
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-



Þakkarskuld
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími ávísunar er til og með 30. apríl. Gildistími tilboða er til og með 24. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Talið að kviknað hafi í út frá raftæki í Dalshrauni

SAMFÉLAG Allt bendir til þess að eldurinn í Dalshrauni hafi kviknað út frá raftæki sem var á efri hæðinni. Mannvirkjastofnun á þó eftir að staðfesta niðurstöður tæknideildar lögreglunnar á eldsupptökum.

„Það á enn eftir að gefa út loka-skýrslu, í samvinnu við Mannvirkjastofnun, um þessa niður-

stöðu, en það bendir allt til þess að það hafi kviknað í út frá raftæki inni í einu herberginu,“ segir Skúli Jónsson, stöðvarstjóri hjá lögreglunni í Hafnarfirði, í samtali við Fréttablaðið.

Alls eru íbúar hússins 50 og var þeim að sögn Skúla útvegað húsnæði, en einhverjir gátu þó sjálfir

funduð sér samastað. Rauði krossinn aðstoðaði við að útvega þeim samastað sem ekki gátu farið annað.

Hann segir að vettvangurinn hafi verið afhentur tryggingafélagi síðdegis í gær eftir að tæknideild lögreglunnar lauk rannsókn sinni um klukkan 14. Engar grunsemdir

eru um að eitthvað saknæmt hafi átt sér stað.

Líklega mun það taka nokkrar vikur að lagfæra húsið en tjónið er talið verulegt. Þá var einnig mikið tjón í Húsasmíðjunni sem staðsett er fyrir neðan þar sem bruninn kom upp, en mikið vatn lak á milli hæða. – la



Frá vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Bryndis Hlödversdóttir ríkissáttasemjari. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Enn fundað hjá ríkissáttasemjara

KJARAMÁL Fundahöld hjá ríkissáttasemjara halda áfram í dag eftir páskafrí en þá halda viðræður Mjólkurfræðingafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins (SA) áfram.

Mikið hefur mætt á embættinu undanfarið og þótt kjarasamningar SA og félaga Starfsgreina-sambandsins og Landssambands íslenskra verslunarmanna hafi verið undirritaðir fyrir í mánuðinum eru nokkur mál enn á borðinu.

Samflot iðnaðarmanna og SA eiga vinnufund hjá ríkissáttasemjara á morgun en gert er ráð fyrir að hann standi frá klukkan 10 til 17. Þá verður einnig fundur milli SA og Flugfreyjufélags Íslands vegna Ícelandair.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, talsmaður iðnaðarmanna, sagði fyrir páska að óþreyju væri farið að gæta í baklandi iðnaðarmanna. Hann sagði að ef málin færu ekki að skýrast í vikunni stefndi í atkvæðagreiðslur um einhverjar átakalínur. – sar

Hluti framkvæmdasvæðis hafnar á náttúruminjasrá

Umskipunar- og stórskipahöfn á Norðausturlandi mun gerbreyta svæðinu og flutningum á N-Atlantshafi. Umhverfis- og auðlindaráðherra vill ekki veita viðtal vegna málsins en hann skrifaði árið 2012 undir neikvæða umsögn um fyrirhuguð áform þegar hann var framkvæmdastjóri Landverndar.

UMHVERFISMÁL Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra var afar neikvæður í garð umskipunar- og stórskipahafnar í Finnafríði árið 2012 þegar hann var framkvæmdastjóri Landverndar. Nú hins vegar segir hann ríkið ekki hafa fjárhagslega aðkomu að verkefninu og engu við það að bæta. Hluti af svæði sem nú er á náttúruminjasrá er inni á framkvæmdasvæði stórskipahafnarinnar.

Tugþúsundir fermetra munu fara undir starfsemi í Finnafríði og segir sveitarstjóri Langanesbyggðar, Elías Pétursson, að svæðið á aðalskipulagi sem á að fara undir hafnsækna starfsemi sé stórt og hafi mikla möguleika sem slíkt. Hann segir einnig að vitaskuld muni framkvæmdin hafa neikvæð umhverfisáhrif en á móti komi að samfélagsleg áhrif slíkra framkvæmda yrðu afar jákvæð fyrir svæðið.

„Svona stórar framkvæmdir munu að einhverju leyti breyta ámynd svæðisins og sjónræn áhrif framkvæmdanna verða líkast til einhver. Hins vegar er það alveg ljóst að þessar framkvæmdir munu á móti hafa afar jákvæð efnahagsleg og samfélagsleg áhrif á byggðirnar hér í kring,“ segir Elías. „Því er mikilvægt að samfélögin fái að skipuleggja sín athafnasvæði til að fjölga störfum á svæðinu og byggja upp öflugt atvinnulíf.“

Verkefnið er ægístórt. Í Finnafríði er gert ráð fyrir miklum landfyllingum, en eins og segir í greinargerð er ekki hægt að áætla magn fyrr en hönnun liggur fyrir. Að mati Umhverfisstofnunar er umhugsunarvert að verið er að áætla miklar landfyllingar vegna iðnaðar og hafnar svæðis á landsvæði sem er í dag að mestu leyti ósnortið af manngerðum fram-



Frá Finnafríði þar sem uppi eru áform um uppbyggingu umskipunar- og stórskipahafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Elías Pétursson.

kvæmdum og að hluta til á náttúruminjasrá.

„Landvernd telur að uppbygging iðnaðarstarfsemi á svæði á náttúruminjasrá sé í miklu ósamræmi við þessa markmiða- og stefnumiðasetningu sveitarstjórnar Langanesbyggðar, ekki síst þegar um er að ræða jafn viðamikla og

stórvaxna starfsemi og fyrirhuguð er í Gunnólfsvík,“ segir í umsögn Landverndar um aðalskipulag Langanesbyggðar. Umsögnin er undirrituð af Guðmundi Inga Guðbrandssyni umhverfisráðherra. Þá eru þessi svæði í næsta nágrenni við stórt tiltölulega lítt snortið svæði. Verðmæti slíkra svæða fer vaxandi í heimi sem sífellt verður þéttsetnari. Þar er um að ræða verðmæti sem felast í eiginildi náttúrunnar en einnig í möguleikum á uppbyggingu náttúrutengdrar ferðapjónustu.“

Fréttablaðið leitaði viðbragða umhverfisráðherra vegna málsins.

Hann vildi ekki veita Fréttablaðinu viðtal vegna málsins. Aðstoðarmaður hans, Sigríður Víðis Jónsdóttir, sendi fréttamanni eftirfarandi svar. „Fulltrúar Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Bremenports og Eflu verkfræðistofu undirrituðu samninga um hafnarstarfsemi í Finnafríði síðastliðinn fimmtudag. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fór síðan yfir stöðu Finnafrjarðarverkefnisins í ríkisstjórn síðastliðinn föstudag. Ríkið hefur ekki haft neina fjárhagslega aðkomu á þessu og umhverfisráðherra hefur í raun engu við þetta að bæta.“ sveinn@frettabladid.is

Zelenský kjörinn með yfirburðum

ÚKRAÍNA Gamanleikarinn Volodymyr Zelenský var á sunnudaginn kjörinn nýr forseti Úkraínu en hann sigraði með yfirburðum í seinni umferð kosninganna. Zelenský hlaut um 73 prósent atkvæða en fráfarandi forseti, Petró Porosjenkó, hlaut um 24 prósent.

Zelenský, sem hlaut líka langflest atkvæði í fyrri umferð kosninganna, sagði við fagnandi stuðningsmenn sína að hann myndi aldrei bregast þeim.

Porosjenkó viðurkenndi ósigur sinn strax og útgönguspár höfðu verið birtar. Hann sagðist ekki ætla að hætta þátttöku í stjórnmálum og varaði við því að Zelenský væri of öreundur til að standa uppi í hárinu á Rússum. Mikil spennan hefur verið í sambúð ríkjanna eftir að Rússar innlimuðu Krímskaga árið 2014.



Volodymyr Zelenský fagnar hér með stuðningsmönnum sínum eftir að ljóst var að hann hefði sigrað með yfirburðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Dímítrí Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, sagðist vonast til að hinn nýi forseti myndi sýna

góða dómgreind, heiðarleika og raunsæi svo samskipti þjóðanna gætu batnað. – sar

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Grímur og skraut

Fyrir árshátíðina

Heljum frá 2990

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

SUPER1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA



SUPER1 ER HEIMILI REMA 1000

EIN STÆRSTA MATVÖRUVERSLUNARKEDJA NORÐURLANDA

REMA1000 framleiðir gæðavörur á góðu verði, í sátt og samlyndi við umhverfið. Lögð er áhersla á lífrænar vörur og að vörur standist staðla Skráargatsins, Svansmerkisins og séu án ofnæmisvalda.



DANSKIR DAGAR ALLA DAGA

flöde boller - flæskesvær - kakao pulver - brændende kærlighed - frikadeller



JEPPA DAGAR

FERÐAPAKKINN INNIHELDUR

▪ ÞVERBOGA ▪ FARANGURSBOX ▪ DRÁTTARBEISLI



KIA

Sorento Luxury

Árgerð 2016, ekinn 51 þús. km. dísil, 200 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð
5.350.000 kr.



Mercedes-Benz

ML 250 4MATIC

Árgerð 2014, ekinn 53 þús. km. dísil, 205 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð
5.950.000 kr.



KIA

Sorento Luxury

Árgerð 2015, ekinn 96 þús. km. dísil, 200 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð
4.290.000 kr.



Mercedes-Benz

GL 350 4MATIC

Árgerð 2014, ekinn 98 þús. km. dísil, 259 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð
9.790.000 kr.



KIA

Sportage EX

Árgerð 2018, ekinn 38 þús. km. dísil, 136 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð
4.980.000 kr.



Mercedes-Benz

GLE 500 e 4MATIC Plug-in Hybrid

Árgerð 2017, ekinn 11 þús. km. bensín/rafmagn, 334 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð
9.890.000 kr.



KIA

Sportage EX

Árgerð 2013, ekinn 138 þús. km. dísil, 136 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð
2.190.000 kr.



Mercedes-Benz

GLA 200 4MATIC

Árgerð 2017, ekinn 5 þús. km. bensín, 184 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð
6.690.000 kr.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndarugli



**NOTADIR
BÍLAR**

ASKJA

Opið:
Fim-Fös 10-18
Laugardag 12-16

Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • 590 2160 • notadir.is



Sjálfkeyrandi bílar eru meðal þeirra tækninýjunga sem eru hluti fjórðu iðnbyltingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tækifæri fyrir Ísland í fjórðu iðnbyltingunni

Formaður nefndar forsætisráðherra um fjórðu iðnbyltinguna segir að leiðin til að takast á við tæknibreytingar séu félagslegar aðgerðir. Tækifæri Íslands séu mikil ef rétt sé haldið á spilunum. Ýmsum spurningum þurfi þó að svara.

VINNUMARKAÐUR Mikil umræða hefur átt sér stað á alþjóðavísu undanfarnin misseri um fjórðu iðnbyltinguna og hvaða áhrif hún muni hafa á daglegt líf. Spurningar hafa vaknað um framtíð vinnunnar og þær áskoranir sem tæknibreytingar munu hafa á samfélag.

Forsætisráðherra skipaði um mitt síðasta ár nefnd sem fékk það verkefni að greina alþjóðlega umræðu um fjórðu iðnbyltinguna og skoða afleiðingar hennar og tækifæri fyrir íslenskt samfélag. Nefndin skilaði skýrslu sinni í síðasta mánuði en þar var meðal annars sett fram spá um hvernig íslenskur vinnumarkaður gæti þróast með aukinni sjálfvirknivæðingu.

Huginn Freyr Þorsteinsson, formaður nefndarinnar, segir að haldi Íslendingar rétt á spilunum geti falist mikil tækifæri í fjórðu iðnbyltingunni. „Við höfum ekki margar hendur til að vinna verkin. Þess vegna ætti sjálfvirknivæðingin að geta stutt við land eins og Ísland frekar en hitt.“

Ljóst sé að það hvernig fólk muni vinna störf í framtíðinni komi til með að breytast mikið og að einhverju leyti léttu fólk vinnuna. Með því að nýta sér aðferðafræði úr rannsókn sem gerð var af OECD lagði nefndin mat á áhrif sjálfvirknivæðingar á íslenskan vinnumarkað.

Niðurstöður matsins voru þær að aðeins 14 prósent starfa sem voru á vinnumarkaði árið 2017 voru störf þar sem litlar líkur voru á sjálfvirknivæðingu á næstu tíu til fimmtán árum. 28 prósent starfa töldust vera með miklar líkur á sjálfvirknivæðingu og 58 prósent miðlungs líkur.

„Það sem er nýtt við fjórðu iðnbyltinguna eru þessi tækifæri við að sjálfvirknivæða endurtekin hugarferli. Sumt verður þannig að það getur stutt okkur í okkar vinnu þótt nágunin breytist. Sumt mun þýða að einhver störf hverfa en það verður líka fullt af störfum til sem mun byggja ofan á það að þú nýtir þér sjálfvirknivæðingu hugarafli.“

Eigum við að gera þá kröfu að við getum minnkað vinnu okkar og fengið meiri frítíma?

Huginn Freyr Þorsteinsson, formaður nefndar um fjórðu iðnbyltinguna



Huginn Freyr, sem er með doktorspróf í vísindaheimspeki, segir að nefndin hafi reynt að vera jarðbundin varðandi spár um framtíðina.

„Í gegnum söguna hafa menn ýmist verið allt of bjartsýnir á að tæknin muni leysa öll mannleg vandamál eða allt of svartsýnir þannig að þetta muni leiða til þess að heimurinn deyi. Það er alveg eins með þessa umræðu um gervigreindina. Sumir segja að við getum bara sett fætuna upp í loft og horft á vélmenni vinna fyrir okkur og verið á borgarlaunum. En aðrir segja að þetta verði eins og í kvikmyndinni Tortimandinn. Hvort tveggja er bara dæla.“

Huginn Freyr segir nefndina hafa lagt mikla áherslu á það að leiðin til að takast á við tæknibreytingar séu félagslegar aðgerðir. „Það er ástæðan fyrir því að áhrif sjálfvirknivæðingarinnar verða minni á Norðurlöndunum en í mörgum öðrum ríkjum. Þetta eru þróuð hagkerfi með sterk velferðarkerfi.“

Ástæða óróleika í kjölfar fyrstu iðnbyltingarinnar á Englandi á 18. öld hafi verið sú að engin kerfi voru til staðar til að takast á við svona miklar breytingar. „Nú reynum við að beina fólk rétta átt í menntakerfinu. Þeir sem missa vinnuna geta fengið atvinnuleysisbætur og virkniúrræði til að bæta hæfni sína til að komast aftur inn á vinnumarkaðinn. Það eru alls kyns svona þættir sem skipta máli.“

Umræðu um tæknibreytingar hætti til að verða of þröng og einblína á hlutina sem verða til, hvort sem það eru nýir farsímar, nýtt net eða eitthvað annað. „Ef við ætlum að hugsa hvernig við tökumst á við tæknibreytingar þá eru það samfélagslegar áskoranir.“

Huginn Freyr telur Ísland standa vel í alþjóðlegum samanburði þegar komi að því að takast á við fjórðu iðnbyltinguna. „Við erum með samfélag sem er mjög nýjungagjarnt á tækni. Við erum með sterka tæknilega innviði og þróað hagkerfi. Það breytir því samt ekki að við þurfum að vinna okkar vinnu eins og önnur ríki.“

Þannig þurfi til dæmis að ákveða hvaða þætti leggja eigi áherslu á í menntakerfinu og vinna meira í nýsköpun.

„Þó að við stöndum alveg ágætlega þá er alveg heilmikil vinna ef við ætlum að ná einhverjum árangri í þessu. Við getum auðvitað áfram treyst á okkar auðlindir og auðlindanýtingu til framtíðar sem hefur skilað okkur auði í gegnum tíðina. En ef við ætlum að standa undir þeirri velferð sem við gerum kröfur til þá munum við þurfa að vinna aðeins í okkar málum.“

Þá sé afar mikilvægt að hugsa um hver markmiðin með tæknibreytingum eigi að vera. Huginn Freyr bendir á að alls staðar í samfélaginu séu uppi kröfur um að fólk vilji vinna minna og eyða meiri tíma með fjölskyldunni.

„Alltaf þegar við tölum um iðnbyltingar þá snýst það um að ná meiri framleiðslu, meiri hagvexti. Það er fint markmið í sjálfu sér en viljum við gera eitthvað annað? Eigum við að gera þá kröfu að við getum minnkað vinnu okkar og fengið meiri frítíma?“

Önnur áskoran tengist því hvernig ávöxtum hugsanlegrar framleiðniaukningu verði skipt. „Það er mál sem gæti leitt til óánægju með tæknibreytingar ef ekki er unnið skynsamlega með. Þetta getur þýtt mikinn ávöxt til tiltekinna aðila.“

siglhvatur@frettabladid.is

Við semjum

Í tilefni af tímamótasamningum verður vöfluilmur í loftinu hjá Hyundai í apríl og sölumenn okkar búa sig undir ánægjulega samningalotu. Við bjóðum ykkur velkomin í vöflukaffi og reynsluakstur og að skoða tilboð á nýjum bílum sem bætt geta lífsgæðin í sumar.

Afsláttur allt að
550.000 kr.

Hyundai i10 Comfort

Bensín, beinskíptur, framhjóladrifinn
TILBOÐSVERÐ: 1.940.000 kr.
Verð áður: 2.090.000 kr.

**AFSLÁTTUR
150.000 kr.**



Hyundai i20 Classic

Bensín, beinskíptur, framhjóladrifinn
TILBOÐSVERÐ: 2.090.000 kr.
Verð áður: 2.290.000 kr.

**AFSLÁTTUR
200.000 kr.**



Hyundai KONA Comfort

Bensín, sjálfskíptur, framhjóladrifinn
TILBOÐSVERÐ: 3.840.000 kr.
Verð áður: 4.190.000 kr.

**AFSLÁTTUR
350.000 kr.**



Hyundai Tucson Classic

Dísil, sjálfskíptur, fjórhjóladrifinn
TILBOÐSVERÐ: 4.540.000 kr.
Verð áður: 4.990.000 kr.

**4X4
FJÓRHJÓLA
DRIFINN**

**AFSLÁTTUR
450.000 kr.**



Hyundai Santa Fe Comfort

Dísil, sjálfskíptur, fjórhjóladrifinn
TILBOÐSVERÐ: 7.240.000 kr.
Verð áður: 7.790.000 kr.

**4X4
FJÓRHJÓLA
DRIFINN**

**AFSLÁTTUR
550.000 kr.**



Verið velkomin í vöflukaffi
og reynsluakstur í dag.

 **HYUNDAI**

5 **ÁBYRGÐ**
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

Viðvaranir virtar að vettugi á Srí Lanka

Lögregluþvöld á Srí Lanka reyndu að vara stjórnvöld við yfirvofandi hryðjuverkum. Hátt í 300 fórust í röð árása á bænahús kristinna og á vinsælum gististöðum ferðamanna. Á þriðja tug manna eru í haldi lögreglu, grunaðir um aðild að árásunum um helgina.

SRÍ LANKA Lögregluþvöld á Srí Lanka höfðu undir höndum ítarlegar upplýsingar um yfirvofandi hryðjuverkaárás herskára íslamista á páskadag. Árásirnar voru gerðar í kirkjum, þar sem ódæðismenn sprengdu sig í loft upp, og á vinsælum gististöðum. Um 300 létust í árásunum og 500 hið minnsta særðust. Samskiptaleyfi og óskipulag í efstu stjórnsýslustigum eyrikisins leiddu til þess að viðvörðunum um yfirvofandi hryðjuverk var ekki gefinn gaumur, þó svo að liðsmenn lögreglunnar á Srí Lanka hafi varað við þeim fyrir tæpum tveimur vikum.

Ljóst er að stór hópur erlendra ferðamanna lést í ódæðunum, eða 39 hið minnsta. Samkvæmt yfirlýsingu frá John Amaratunga, ferðamálaráðherra Srí Lanka, voru þetta meðal annars ferðalangar frá Bandaríkjunum, Ástralíu, Bretlandi og Japan.

Þrjú dönsk systkini létust í árásunum. Þau voru börn danska milljarðamæringsins Anders Holch Povlsen. Upplýsingafulltrúi Povlsen staðfesti við norræna miðla í gær að börnin hafi látist í árásunum.

Stjórnvöld á Srí Lanka fullyrða að árásirnar hafi verið skipulagðar og framkvæmdar af liðsmönnum National Thowheeth Jama'ath, en það eru tiltölulega lítt þekkt öfgasamtök herskára íslamista. Árásirnar voru gerðar á nokkrum stöðum í þremur borgum Srí Lanka, Negombo,

Hér var svo lengi stríð og það er svo sorglegt að sjá hversu von þau eru aðtakast á við slík áföll.

Ragnheiður Erla Björnsdóttir

Colombo og Batticaloa, á sama tíma á páskadag.

Sex árásir voru gerðar í Colombo, þar sem 82 hið minnsta létust. Ein var gerð í Negombo. Þar létust að minnsta kosti 104 þegar sjálfsmorðsprengjumadur sprengdi sig í loft upp í kirkju St. Sebastians. Í Batticaloa létust 28 hið minnsta þegar ódæðismadur sprengdi sig í loft upp í kirkju.

Útgöngubann er nú í gildi í Srí Lanka og lokað hefur verið fyrir aðgang að vinsælum samfélagsmiðlum á borð við Facebook og WhatsApp. Stjórnvöld á Srí Lanka segja þetta vera gert til að stemma stigu við útbreiðslu áróðurs og villandi upplýsingar um árásirnar á sunnudaginn.

Svo virðist sem lögregluþvöld á Srí Lanka hafi verið meðvitað um að ódæðismenn hefðu í hyggju að fremja sjálfsmorðsprengjuárásir á sunnudaginn. Þann 11. apríl síðastliðinn barst bréf frá lögreglunni á Srí Lanka þar sem kom fram að Thowheeth Jama'ath myndi líklega fremja ódæði um páskahelgina. Að auki voru ódæðismennirnir sjálfir



Aðstandendur látinna þurftu að bera kennsl á ástvini sína. Myndin er tekin í höfuðborginni Colombo. NORDICPHOTOS/GETTY

nafngreindir í bréfinu. Heimilisföng þeirra fylgdu einnig.

Ranil Wickremesinghe, forsætisráðherra Srí Lanka, sagði að hvorki hann né ríkisstjórn hans hefðu fengið upplýsingar um viðvaranir lögregluþvöld. Í gær sagði heilbrigðisráðherra Srí Lanka, Rajitha Senaratne, að augljóst væri að ríkisstjórninni hefði algjörlega mistekist að bregðast við trúverðugum upplýsingum um yfirvofandi hryðjuverkaárás.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hefur sent forseta Srí Lanka, Maithripala Sirisena, samúðarkveðjur. Guðni sagði páska vera tíma friðar og kærleika, því væru tíðindin frá Srí Lanka hörmuleg.

Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins hefur ekki verið tilkynnt um neina Íslendinga sem gæti verið saknað á Srí Lanka. Á sunnudag sendi borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins frá sér tilkynningu þar sem að Íslendingar á Srí Lanka

voru beðin um að láta vita af sér.

„Það hefur ekkert komið fram um að Íslendinga sé saknað og enginn hefur leitað eftir aðstoð borgarþjónustunnar vegna þessara árása,“ segir Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, í samtali við Fréttablaðið.

Ragnheiður Erla Björnsdóttir, tónskáld og rithöfundur, er stödd á Srí Lanka, í þorpinu Kekirawa. Hún segir í samtali við Fréttablaðið að hún og aðrir Íslendingar ætli ekki að láta árásirnar hafa áhrif á ferðalög sín eða dvöl í landinu.

Ragnheiður segir að hún hafi heyrt í öðrum Íslendingum, pari, sem er á Srí Lanka og þau hafi sagt henni að þau ætli að halda ferðalagi sínu áfram þrátt fyrir árásirnar. Hún segir að fólk frá Srí Lanka sé auðvitað enn „í sjokki“ en að lífið haldi áfram. Það sé þó kannski aðeins öðruvísi þar sem hún er, en í höfuðborginni Colombo, þar sem flestar árásirnar áttu sér stað. Þar sé enn útgöngubann, en ekki hjá henni.

„Hér héldu allir lífinu áfram í dag, en eru búnir að missa marga. Hér var svo lengi stríð og það er svo sorglegt að sjá hversu von þau eru að takast á við slík áföll. Vinir mínir eru flestir í kringum þrjú og ólust upp í stríði og við svona fréttir á hverjum degi,“ segir Ragnheiður.

lovisa@frettabladid.is
kjartanh@frettabladid.is



RENAULT
Passion for life

RENAULT KANGOO

Renault Kangoo er mest keypti sendibíll landsins.

Komdu í atvinnubíladeild BL og fáðu tilboð í nýjan Kangoo

www.renault.is



RENAULT KANGOO
1,5 DCI, BEINSKIPTUR,
DÍSIL, 90 HESTÖFL,

Verð: **2.411.290 kr. án vsk.**

2.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,3 l/100 km*

100% RAFMAGN
RENAULT KANGOO RAFBÍLL
NÝ STÆRRI RAFHLAÐA - 33 KWH
UPPGEFIN DRÆGNI 180-200 KM**

Verð: **4.090.000 kr.**

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



PEUGEOT 3008

GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX!



GRIP CONTROL

PEUGEOT i-Cockpit®

HÁ SÆTISSTAÐA

EINSTÖK ÞÆGINDI OG ÖRYGGI

VERÐ FRÁ 4.190.000 KR.



PEUGEOT

Glæsileg hönnun, há sætisstaða, fyrsta flokks þægindi og hugvitsöm tækni einkenna Peugeot 3008 SUV. Ökumannsrými bílsins er sérlega fallegt & hannað með notagildi í huga. Þú sest inn í fullkominn stafrænan heim með 8" snertiskjá og stafrænum mælum í mælaborði. Peugeot 3008 SUV er hár frá götu, 22 cm undir lágsta punkt, og með 8 þrepa sjálfskiptingu. Peugeot 3008 er margverðlaunaður, m.a. var hann valinn bíll ársins á Íslandi og bíll ársins í Evrópu! Það er til marks um einstaklega vel heppnaða hönnun og framúrskarandi gæði.

KOMDU OG KEYRÐU TÍMAMÓTABÍLINN PEUGEOT 3008!



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshófa 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar virka daga kl. 9-17

peugeotisland.is

Milli lífs og dauða



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Mörkin milli lífs og dauða eru í besta falli óljós og óræð. Hver getur raunverulega fullyrt um það hvar annað byrjar, og hitt endar? Þetta voru hugleiðingar sögumannsins í smásögu Edgars Allan Poe frá árinu 1844, Kviksettur. Þessi mörk, sem í hugum fæstra nútímamanna eru óljós, voru vafalaust mörgum hugleikin um liðna helgi, þegar sigri Jesú yfir dauðanum var minnst; upprisu hans og loforði um eilíft líf fagnað.

Þvert á það sem fólk þekkti um miðja nítjándu öld, þegar margir voru haldnir fullkomlega skiljanlegum ótta við að vera grafnir lifandi, þá höfum við í dag staðlaðar og sannreynðar aðferðir þegar kemur að því að skera úr um hvort einstaklingur er lífs eða liðinn. Mörkin eru hreint ekki óræð. En þar með er ekki sagt að þau séu einföld.

Rétt fyrir páska helgi birti hópur taugavísindamanna við Yale-háskóla merkilega, en um leið afar undarlega, rannsókn í vísindaritinu Nature. Í vísindagreininni útskýrir hópurinn hvernig þeim tókst að endurlífga heila í svínunum sem hafði verið slátrað nokkrum klukkustundum áður. Svínshailarnir fengu enga næringu í fjórar klukkustundir, ekkert súrefni og engan glúkósa.

Með orðinu „endurlífga“ er átt við að eðlileg efna-skipti voru endurvakin í heilum svínanna og að hrörnun heilans eftir dauða var að mestu stöðvuð. Þetta tókst vísindamönnum með því að dæla tilbúnum blóðvökva í heilana og þannig koma súrefni og næringarefnum til frumnanna. Þrátt fyrir að um „endurlífgun“ hafi verið að ræða þá greindi heilariti aldrei vísbendingar um meðvitund eða heilvirkni. Engin svörin á heilariti var reyndar hluti af hönnun rannsóknarinnar, enda voru ákveðin efni notuð til að bæla starfsemi taugakerfisins í svínshailunum.

Þó svo að brýn þörf sé á að endurtaka rannsóknina og kanna niðurstöður hennar betur, þá vekja niðurstöður vísindamanna við Yale upp ýmsar flóknar síðferðilegar spurningar. Nita A. Farahany, prófessor í síðfræði við Duke sagði í Nature að stór-áfangi sé að ræða. Heilarnir voru, nokkrum klukkustundum eftir að hafa verið skornir úr líkama sínu, um tíma ekki algjörlega dauðir. Sannarlega voru þeir ekki algjörlega lifandi heldur. Eins og Kraftaverka Max sagði í The Princess Bride: „Að mestu dauður er órlítið lifandi.“

Það að heili í stóru spendýri eins og svíni hafi verið endurvakin, og það 32 sinnum eins og í tilfelli Yale-hópsins, kallar á að flóknum spurningum um dauðann, meðvitund og heilann verði svarað. Um leið gefa þessar niðurstöður tilefni til bjartsýni um framfarir á sviði meðferða við heilaskaða. Rannsókn Yale-hópsins er tímamótaverk, en umtalsvert fleiri rannsókn og tilrauna er þörf áður en stærri og viðtækari ályktanir eru dregnar. Það mun ekki gerast í bráð. En rannsóknin staðfestir þó að enn á ný er sú krafa gerð á okkur mannfólki að taka til endurskoðunar hvar mörkin milli lífs og dauða liggja.



Heilarnir voru, nokkrum klukkustundum eftir að afa verið skornir af líkama sínu, um tíma ekki algjörlega dauðir.

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Halldór



Frá degi til dags

Ráðherra eða ekki
Í blaði dagsins er fjallað um hinar stórhuga hugmyndir um alþjóðlega stórskipahöfn í Finnafirði í Bakkaflóa. Athygli vekur að Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra vill ekki tjá sig um málið þrátt fyrir að framkvæmdasvæðið nái yfir hluta svæðis sem er á náttúru-minjaskrá. Svo ekki sé talað um umhverfisögnina sem svo gríðarleg skipaumferð hefði á lífríki sjávar. Þegar Guðmundur var framkvæmdastjóri Landverndar fann hann hins vegar þessum framkvæmdum allt til foráttu. Það er þó gott til þess að vita að núverandi framkvæmdastjóri Landverndar hefur dustað rykið af hugsunum ráðherrans núverandi og varar við þessu.

Þú ert (d)rekinn
Guðmundi er hins vegar nokkur vorkunn. Það er nefnilega ekki auðvelt að vera í stjórn málum og ætla sér að standa við öll sín gömlu prinsipp, sama hvað tautar. Þegar hins vegar kemur að grundvallarstefnumáli stjórn málaflökks má spyrja að því hvort menn eigi ekki einfaldlega að standa í lappirnar. Skemmst er að minnast upphlaups innan VG vegna oliuleitar á Drekasvæðinu. Fróðlegt væri að heyrja skoðun núverandi ráðherra dytti einhverjum slíkt brölt aftur í hug. Ef hann myndi skila auðu yrðu örlög hans líklega eins og í frægu Fóstbræðraatriði: „Þú ert (d)rekinn. sighthvatur@frettabladid.is

Ábyrgðin er yfirvalda



Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur



Til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins þarf meira til en orkuskipti og rafbilavæðingu. Við þurfum að draga úr akstri bíla á höfuðborgarsvæðinu um 15 til 50%.

Til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins þarf meira til en orkuskipti og rafbilavæðingu. Við þurfum að draga úr akstri bíla á höfuðborgarsvæðinu um 15 til 50%. Þetta vitum við eftir að sérfræðingahópur HR og HÍ skilaði af sér útreikningum um mat á losun gróðurhúsalofttegunda á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2030. Undirrituð setti þessa vinnu af stað og voru niðurstöðurnar því fyrst lagðar fram í skipulags- og samgönguráði Reykjavíkur. Þær sýna að ofuráhersla á rafbilavæðingu þjóðar er ekki rétt forgangsröðun. Til þess að ná þeim lífsnaðsynlegu markmiðum sem við höfum sett okkur þarf fyrst og fremst að breyta ferðavenjum og rafvæða samgöngur.

Í ljósi þess að fjöldi bíla á landinu hefur aldrei verið meiri en nú og að umferð á höfuðborgarsvæðinu er meiri en hún hefur nokkrum áður verið virðist það í fyrstu óklífanlegt fjall að ætla að snúa þeirri þróun við. Þess vegna er þörf á metnaðarfullum aðgerðum sem gera fólki það kleift að breyta ferðavenjum. Rafhjólaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar þar sem íbúum býðst að fá rafhjól til láns hefur gefið niðurstöður sem vert er að gefa gaum. Á síðasta ári voru 100 rafhjól í boði og sóttu meira en eitt þúsund manns um. Í ár stefnir í að umsóknir verði fleiri en tvö þúsund. Þátttakendur notuðu rafhjól mest til og frá vinnu, 90% sögðust nota þá rafhjól í staðinn fyrir einkabílinn. Niðurstöður þessa verkefnis sýna að hér er stórt sóknartækifæri.

Hjólhraðbrautir sem tengja saman öll helstu hverfin og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu geta orðið eitt af framtíðar-samgöngukerfunum. Í nágrannalöndum okkar fá íbúar styrk frá ríkinu til þess að fjárfesta í rafhjólum. Þar eru líka í boði fjölbreyttar deililausnir fyrir almenning þar sem aðgengi að rafhjólum og öðrum rafvæddum samgöngutækjum er tryggður.

Ábyrgðin er okkar og árið 2030 er einungis í 11 ára fjarlægð. Við höfum ekki efni á að biða. Okkur liggur lífið á.

Viðbrögð stjórnvalda við dómum MDE



Gestur Jónsson



Ragnar Halldór Hall
Höfundar eru lögmennt og hafa verið verjendur í sakamálum af þeim toga sem um er fjallað.

Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hefur í þriðja sinn á tæpum tveimur árum felld dóm á hendur Íslandi um að brotin hafi verið mannréttindi einstaklings við málsmeðferð vegna skattalagabrots með því að refsar tvisvar vegna sama atviksins (ne bis in idem). Í öllum tilvikunum hafði viðkomandi einstaklingur fyrst verið refsað hjá viðkomandi skatt-yfirvöldum en síðar hlotið refsingu fyrir dómi vegna sama atviks. Fyrsta málið var dæmt hjá MDE 18. maí 2017 en nýjasti dómurinn var felldur 16. apríl sl.

Í örstuttu máli er forsaga þessara mála sú að árið 2009 kvað MDE upp stefnumarkandi dóm sem að mati margra lögfræðinga fól í sér að íslenska refsikerfið í skattamálum stæðist ekki og reyndar ætti það sama við um sambærileg refsikerfi annarra norræna ríkja. Reyndi á þennan skilning fyrir Hæstarétti Íslands haustið 2010 (mál 371/2010). Komst rétturinn þá að þeirri niðurstöðu að ekki kæmi til greina að slá því föstu á grundvelli fyrirleggjandi dóma MDE að refsimeðferð skattamála á Íslandi fái ekki staðist. Hefur framkvæmdin því haldist óbreytt allt til þessa dags og engin breyting hefur gerð á íslenskum lögum um meðferð refsímála vegna skattabrot.

Í Svíþjóð urðu viðbrögðin við dómi MDE frá 2009 önnur en á Íslandi. Hæstiréttur Svíþjóðar, skipaður 15 dómurum í því máli, komst að niðurstöðu um að refsikerfi skattamála í landinu stæðist ekki skuldbindingu Svíþjóðar skv. mannréttindasáttmálanum (MSE). Í framhaldinu hafa verið gerðar breytingar á samskiptum lögum. Jafnframt lét ríkissaksóknari Svíþjóðar yfirfara þegar dæmd mál þar sem hugsanlega hefði verið brotin réttur á einstaklingum í málsmeðferðinni. Í fréttum hefur m.a. komið fram að í Svíþjóð hafi ríkissaksóknarinn látið yfirfara um 3.000 refsímál af þessum sökum. 42 menn sem sátu í fangelsi vegna skattalagabrotu voru leystir úr haldi eftir endurskoðunina. Frestað var fullnustu dóma þar sem slíkt átti við. Haft var samband við 800 einstaklinga sem tekið höfðu út sína refsingu og þeim boðin aðstoð við að kanna grundvöll endurupptöku. Leiddi þetta til endurupptöku fjölda mála fyrir dómi. Reynt var að rétta hlut allra þeirra sem hlotið höfðu refsisdóma á grundvelli refsimeðferðar sem ekki stóðst reglur MSE.

Eftir áralanga dauðabögn og aðgerðarleysi hafa íslensk stjórnvöld nú loksins látið málið til sín taka heilum áratug á eftir Svíum. Í liðinni viku birtist fréttatilkynning um að ráðherrar dóms- og fjármála hefðu skipað nefnd sem á að „greina þau álitæfni sem leiða af dómum Mannréttindadómstóls Evrópu í tengslum við rannsókn og saksókn skattalagabrotu og móta afstöðu til þess hvort og þá til hvaða breytinga þarf að ráðast í til að mæta þeim“. Skal nefndin „leggja til grundvallar skýrslur

sem unnið hefur verið að síðastliðin ár í tengslum við þessi álitæfni.“ Ekki kemur fram hvaða skýrslur þar er um að ræða né hvað í þeim standi. Í nefndina hafa verið skipaðir átta lögfræðingar. Þeirra á meðal eru tveir saksóknarar, ríkisskattstjóri, skattannsóknarstjóri og fulltrúar ráðuneytanna sem hlut eiga að skipun nefndarinnar.

Polendur refsikerfisins sem MDE hefur nú margsinis lýst andstætt mannréttindum, sem Ísland hefur

skuldbundið sig til þess að virða, eru margir. Við vitum ekki hve margir. Hvort þeir eru eitt hundrað eða miklu fleiri skiptir í sjálfu sér ekki máli. Þessir einstaklingar horfa nú agndofa upp á að stjórnendur stofnana sem um langt árabil hafa borið hitann og þungann af löglausum aðgerðum gegn þeim eru skipaðir í nefnd til þess að meta hvornig rétt sé að bregðast við áfelligdómum. Í nefndinni eru m.a. menn sem undanfarin

ár hafa sótt mál af þessum toga af miklu kappi og aldrei fallist á að ákvæði MSE ættu á nokkurn hátt að hafa áhrif á ákvarðanir um útgáfu ákæru. Verkefni nefndarinnar á að vera að lappa upp á ólögmæta framkvæmd sem nefndarmennirnir að hluta til bera sjálfir ábyrgð á.

Þá vekur það athygli og undrun okkar að nefnd sem á að gera tillögur um viðbrögð stjórnvalda við umræddum dómum skuli ekki

falið það verkefni að gera tillögur um hvernig rétta skuli hlut þeirra sem mannréttindi hafa verið brotin á með löglausum refsingum á liðnum árum. Við skipun nefndarinnar virðast ráðherrar einungis hafa horft til fjárhagslegra hagsmuna ríkisins en látið sig engu varða réttindi þeirra einstaklinga sem brotið hefur verið gegn. Þessi viðbrögð stjórnvalda hér á landi við dómum MDE eru að okkar áliti með hreinum ólíkindum.

LEIKTU ÞÉR!

FULLT AF SPENNANDI GRÆJUM Í TÖLVUTEK



VIKU TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 149.990

Radeon RX 560X
4GB VR Ready leikjaskjálkort

Ryzen5 2500U
3.6GHz Turbo Quad Core

8GB minni
DDR4 2666MHz

256GB SSD
M.2 diskur

acer

ACER NITRO 5 **129.990**

Öflug Acer Nitro leikjafartölva með RX 560X leikjaskjálkort og baklýstu leikjalyklaborði

Glæsileg og öflug Acer Nitro leikjafartölva



VIKU TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 219.990

GTX 1060
6GB VR Ready leikjaskjálkort

Intel i5 8300H
4.0GHz Turbo Quad Core

8GB minni
DDR4 2666MHz

512GB SSD
NVMe diskur

acer

ACER NITRO 5 **199.990**

Ný og öflugri kynslóð með 144Hz leikjaskjá, baklýstu lyklaborði og VR Ready leikjaskjálkort

Carbon Fiber laser skel og 144Hz leikjaskjár!



VIKU TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 369.990

RTX 2060
6GB VR Ready leikjaskjálkort

Intel i7 8750H
4.1GHz Turbo Hexa Core

16GB minni
DDR4 2666MHz

512GB SSD
NVMe diskur

PREDATOR

TRITON 500 **299.990**

Þessa þarft þú að sjá! Aðeins 17,9mm þunn með 144Hz leikjaskjá og örþunna skjáramma

Ný öflugri kynslóð Örpunn og aðeins 2.1kg



VIKU TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 169.990

GTX 1050 Ti
4GB VR Ready leikjaskjálkort

Intel i5 8400
6 kjarna 4.0GHz Turbo

8GB minni
DDR4 2666MHz

250GB SSD
NVMe diskur

acer

ACER NITRO **129.990**

6 kjarna Intel örgjörvi og GTX1050Ti leikjaskjálkort



FRÍTT AÐ PRUFA Í VR HERBERGI HALLARMÚLA

HTC VIVE VR **119.990**

Hágæða sýndarveruleika gleraugu frá HTC



GEFORCE GTX 1660 **39.990**

6GB leikjaskjálkort frá Zotac fyrir nýjustu leikina



VIKU TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 39.990

PS4 VR GLERAUGU
Með VR Worlds leik og VR myndavél

34.990



1TB PS4 SLIM **49.990**

Sony PS4 með 2.stk stýriplnum



XBOX ONE S **49.990**

Með 2 stýriplnum og Game Pass



240GB SSD **7.990**

Hraðvirkur 240GB SATA3 diskur



750W AFLGJAFI **19.990**

Seasonic Focus+ Gold - 10 ára ábyrgð

SENDUM FRÍTT
Um land allt allar vörur allt að 10 kg.

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

23.04.2019 • Birt með fyrirvara um breytingar, innihafsvillur og myndabreytingar

Bættur aðgangur að lausasölulyfjum



Brynjólfur Guðmundsson formaður lausasölulyfjahóps Samtaka verslunar og þjónustu

Verði frumvarp, sem fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram um breytingar á lyfjalögum, lögfest á yfirstandandi vorþingi hyllir loksins undir að Íslendingar sitji við sama borð og Danir, Norðmenn, Finnar og Svíar varðandi aðgang að lausasölulyfjum í almennum verslunum.

Lausasölulyfjahópur Samtaka verslunar og þjónustu fagnar þessu frumvarpi, enda höfum við lengi barist fyrir því að Lyfjastofnun verði veitt heimild til að veita undanþágu, þannig að mögulegt verði að selja tiltekin lausasölulyf í

almennum verslunum, og að sjálfval á lausasölulyfjum verði leyft í apótekum og almennum verslunum.

Lausasölulyf, s.s. kvæfilyf, ofnæmislyf og væg verkjalyf, eru lyf sem neytendur geta keypt og notað, án aðkomu heilbrigðisstarfsfólks og því er að okkar mati eðlilegt að almenningur geti líka keypt þau í almennum verslunum og haft aðgang að þeim í sjálfvali, eins og tíðkast hefur til fjölda ára í nágrannalöndum okkar.

Í Danmörku hefur sala í almennum verslunum verið leyfð frá 2001, og sjálfval í almennum verslunum og apótekum frá því í fyrri. Sala og sjálfval í almennum verslunum hefur verið leyfð frá 2003 í Noregi, og þar hefur sjálfval í apótekum verið leyft í áratugi. Svíþjóð leyfði sölu og sjálfval í almennum verslunum fyrir 10 árum og þar, eins og í Noregi, hefur sjálfval í apótekum verið leyft í áratugi. Finnland leyfir

sölu nikótínlyfja í almennum verslunum, án nokkurra takmarkana, og þar hefur sjálfval lausasölulyfja í apótekum líka verið við lýði í áratugi. Staðan hér á Íslandi er hins vegar sú núna árið 2019 að frá árinu 2008 hefur verið leyfð sala á minnstu pakkningum af minnsta styrkleika nikótínlyfja í almennum verslunum og sjálfval er bannað, bæði í almennum verslunum og apótekum!

Fjölgun útsölastaða og aukin verðsamkeppni

Þessu teljum við löngu tímabært að breyta, fyrst og fremst til að bæta aðgangi almennings. Í dag er staðan þannig að einungis sex apótek á öllu landinu, eru opin utan hefðbundins opnunartíma milli kl. 9-19 og eru þau öll staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Ekkert apótek er opið á milli miðnætis og kl. 8 að morgni á öllu landinu, og flest apótek úti á landi eru lokað um helgar. Hins



Reynsla annarra Norðurlandabjórda af sölu lausasölulyfja í almennum verslunum sýnir að útsölastöðum hefur fjölgað töluvert og verðsamkeppni hefur aukist.

vegar eru a.m.k. 25 verslanir opnar allan sólarhringinn á höfuðborgarsvæðinu, ásamt þremur verslunum á Akureyri, og verslunum í Borgarnesi, Reykjanesbæ og á Selfossi. Með því að leyfa sölu lausasölulyfja í almennum verslunum munu þeir sem þurfa á slíkum lyfjum að halda eiga mun auðveldara með að nálgast

þau, en eins og staðan er núna býr stór hluti landsmanna, ekki síst á landsbyggðinni, við verulega skert aðgangi utan hefðbundins opnunartíma apóteka á virkum dögum.

Reynsla annarra Norðurlandabjórda af sölu lausasölulyfja í almennum verslunum sýnir að útsölastöðum hefur fjölgað töluvert og verðsamkeppni hefur aukist. Úttektir stjórnvalda í Danmörku, Noregi og Svíþjóð sýna jafnframt að betra aðgangi að lausasölulyfjum hefur ekki aukið misnotkun, enda reglan sú að selja minni pakkningar sem innihalda lægri styrkleika í almennum verslunum en í apótekum. Þá hafa tilkynntar eitranir vegna lausasölulyfja ekki aukist í þessum löndum.

Þessi lagabreyting, nái hún fram að ganga, mun auka samkeppni, auk þess sem verulegt hagræði yrði fólgið í því fyrir neytendur að geta nálgast lausasölulyf á auðveldari hátt en nú er.



Taktu afstöðu – ekki kaupa kynlíf!

Ágústa Ýr Sveinsdóttir
Bryndís Ósk Björnsdóttir
Ingunn Þorvarðardóttir
Ísól Fanney Ómarsdóttir
Stella Sif Jónsdóttir
Þórgunnur Jóhannsdóttir
nemendur á fyrsta ári í MPM í Háskólanum í Reykjavík.

Samkvæmt United Nations (UN) er mansal þriðja stærsta grein skipulagðrar glæpastarfsemi í heiminum og talin vera í örur vexti um allan heim. Hvergi í heiminum er fjöldi kynlífsþræla á mann meiri en í Evrópu. Kynlífsmansal og vandi eru samofin hugtök. Oft er kynlífsmansal dulbúið sem vandi og talið vera val þeirra sem selja sig, en þannig er það afar sjaldan.

Vandi er skilgreint sem kynferðislegt ofbeldi og á sér stað þegar manneskja hefur kynmök við annan einstakling gegn gjaldi. Þolendur vándis hafa oftast sjálfir orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi áður og geta átt erfitt með að setja öðrum mörk.

Kynlífsmansal er verslun með manneskju í hagnáðarskyni og er talin vera ein alvarlegasta birtingarmynd kynferðislegs ofbeldis þar sem þær eru seldar af þriðja aðila (seljanda) til að stunda kynlíf með kaupanda. Ábyrgðin er kaupandans, því á meðan eftirspurn er til staðar mun kynlífsmansal/vandi vera til staðar. Á Íslandi er ólöglegt að selja aðra manneskju og getur sá sem hefur milligöngu átt yfir höfði sér allt að 12 ára fangelsi skv. 227. gr. a. almennra hegningarlaga.

Þolendur vándis eru aðallega konur en einnig börn og karmenn. Um er að ræða manneskjur sem eru oft í viðkvæmri stöðu vegna fátæktar og fíknar. Þolendur vándis telja sig oft ekki vera fórnarlömb

kynlífsmansals og eiga jafnvel í rómantísku sambandi við aðilann sem selur þá. Stundum stjórnar fíknin þriðja aðilanum þannig að hann selur þolandann upp í skuld og stundum sér þolandinn enga aðra leið til að fá næsta skammt nema með því að veita kynlífsgreiða.

Kaupandi sem hefur ávallt stöðu hins sterka og tekur meðvitaða ákvörðun um að kaupa kynlíf, brýtur gegn almennum hegningarlögum. Viðkomandi getur fengið sekt og jafnvel fangelsisvist fyrir ítrekað brot. Ef aðili sem kaupir kynlíf fer fyrir dóm gildir nafnleynd í slíkum dómum hér á Íslandi. Ef kaupendur væru nafngreindir í dómum og sektir hækkaðar gæti það haft veruleg félagsáhrif á þá sem íhuga slík viðskipti.

En hverjir eru kaupendur á Íslandi? Umræðan hefur verið sú að vandi sé aðallega keypt af ferðamönnum sem koma til landsins. Þeir sem hafa aðstoðað þolendur vándis hér á landi segja að kaupendur séu fyrst og fremst íslenskir, karmenn úr öllum stéttum samfélagsins.

Hægt er að líta á kynlífsmansal sem þrælalag án hlekkja eða ánaud þar sem þolendur hafa lítil sem engin tækifæri til að sleppa án aðstoðar. Nauðsynlegt er að styrkja þá starfsemi sem styður við þolendur ofbeldis. Ef þú þekkir einhvern í sporum þolandans eða einhver leitar til þín, þá hvetjum við þig til að hlusta á viðkomandi og aðstoða til að komast í samband við Kvænnaathvarf, Stígarnöt eða Bjarkarhlíð.

Taktu afstöðu og ekki kaupa kynlíf eða tala um það sem eðlilegan part af tilverunni að hægt sé að kaupa aðgang að annarri manneskju.



Þankabrot um skipafarþega



Friðrik Rafnsson leiðsögumaður og þýðandi

Það er eins með umræðuna um hinn svokallaða ferðamannaíðnað og flest annað, hún á það til að fara út og suður. Íslendingar virðast þannig enn líta á ferðamenn sem hvalreka, síldarvertíð, eitthvað sem hljóti að vera of gott til að geta varað, og haga sér alltof oft samkvæmt því.

Neikvæð umræða um skemmtiferðaskip

Einn anginn af umræðunni um ferðamannaíðnaðinn, sem mér finnst raunar smekklegra að kalla ferðabjónustu, snýr að skemmtiferðaskipum og farþegum þeirra. Yfirleitt er hún fremur neikvæð, talað um mengandi fjöldaferðamennsku, hjarðhegðun skipafarþeganna og talað um þá sem hálfgerða óværu. Erlendur ráðgjafi í ferðamálum sem hingað kom fyrir tæpu ári var jafnvel svo ósmekklegur að láta hafa þessi orð eftir sér í viðtali við fjölmiðla: „Þessir ferðamenn eru vampírir. Þeir sjúga blóð og menningu úr viðkomustöðum sínum. Þeir eyða litlum peningum og fara svo á næsta áfangastað. Þessir ferðamenn þjóna ekki hagsmunum ykkar.“

Hún virðist því lífseig, sú skoðun að skipafarþegar eyði litlu og þvælist fyrir mun verðmætari gestum. Það er hins vegar alrangt ef marka má nýbirta skýrslu Cruise Iceland, samtaka ferðabjónustuaðila sem taka á móti skemmtiferðaskipum. Þar kemur meðal annars fram að bein efnahagsleg áhrif skemmtiferða-

skipa á Íslandi námu um níu milljörðum króna í fyrri. Því er talið að skemmtiferðaskipin hafi skilað 8,8 milljörðum í formi neyslu farþega, hafnargjalda og annarra skatta, og skapa 425 bein störf. Með óbeinum áhrifum er talið að þjóðhagslegur ávinningur sé um 16 milljarðar. Langflestir ferðamenn fóru í land á Íslandi og eyddu að jafnaði um 18.000 krónum í hverri höfn. Það er sannarlega ekki tekið upp úr skitnum, eins og sagt var í minni sveit.

Ósanngirni í garð forvitinna ferðalanga

Burtséð frá efnahagslegum áhrifum sem virðast vera mælikvarðar alls héraendis, þá finnst mér þessi umræða fremur ósanngjörn gagnvart öllu því góða fólki sem hingað kemur á þennan hátt. Ég þekki það af eigin reynslu sem leiðsögumaður til margra ára og fyrirlesari um borð í slíkum skipum að skipafarþegar eru allavega fólk, s.s. auðmenn sem eyða miklu (sleða-, þyrfluferðir og þess háttar), vínahópar í ævintýraferðum, fjölskyldufólk, ellilífeyrisþegar, einstæðingar og ungt fólk sem er að koma hingað í fyrsta sinn og á margt hvert eflaust eftir að efnast og koma aftur síðar.

Mín fjölbreyttu kynni af farþegum skemmtiferðaskipa eru þau að þetta sé upp til hópa vel upplýst, forvitnið og jákvætt fólk sem hefur ferðast um heimsins höf. Hvort sem það er auðugt eða hefur haft mikið fyrir því að leggja fé til hliðar til að láta drauminn um Íslandsferð rætast lætur það ekki blekkja sig, veit sem er að verðlag hér er afar hátt, en langar samt að koma hingað og velur því þennan kost. Flestum finnst Ísland spennandi en skritið land á hjara veraldar og að þar búi áhugaverðir eyjaskeggjar. En það vill líka öryggi, sanngjarnt verð og góða þjónustu og velur því þessa leið



Mín fjölbreyttu kynni af farþegum skemmtiferðaskipa eru þau að þetta sé upp til hópa vel upplýst, forvitnið og jákvætt fólk sem hefur ferðast um heimsins höf.

til að njóta sumarfrísins. Láti þvi hver sem vill.

Vaxtarbroddur

sem þarf að sinna enn betur

Samkvæmt áður nefndri skýrslu er buist við mikilli fjölgu skemmtiferðaskipa í sumar, jafnvel yfir 20% fjölgun farþega á landsvísi, og það kemur heim og saman við þá eftirspurn eftir leiðsögn, rútuakstri og annarri þjónustu um allt land í sumar. Ef þessi hluti ferðabjónustunnar á að halda áfram að vaxa og dafna þurfum við að vera framsýn og gera ýmislegt til að tryggja vöxt og viðgang þessa hluta ferðabjónustunnar, s.s. bæta þjónustu í höfnum, selja meira rafmagn, vatn og kost á viðkomustöðunum, leggja áherslu á að taka á móti vistvænum skipum og efla öryggis- og björgunarbjónustu eins og verða má. Allt þetta stuðlar að betri og umhverfisvænni ferðamennsku og gagnast okkur heima-fólkinu líka á allan hátt, bæði á landi og á sjó.

Landið okkar er heillandi fagurt, ekki síst séð frá hafi eins og sjófarendur, þar á meðal farþegar skemmtiferðaskipa, vita mætavel. Okkar er að taka vel og faglega á móti þeim eins og öðrum gestum sem hingað koma. Og þannig mótökur viljum við líka helst fá þegar við förum í frí erlendis, ekki satt? Jafnvel sem skipafarþegar.

HJÓLAÐU INN Í SUMARIÐ Á NÝJU HJÓLI FRÁ ÚTILÍFI

Mikið úrval af vönduðum reiðhjólum frá **Jamis** fyrir börn og fulloröna
á **30-50% afslætti** í hjóladeild Útilífs í Smáralind*

30-50%
AFSLÁTTUR



ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi Max-deild karla 2019

PEPSI MAX
DEILDIN
2019Stjarnan
hafnar í 5. sæti

Fréttablaðið spáir því að Stjarnan nái ekki að fylgja eftir góðum árangri síðasta árs og lendi í fimmta sæti deildarinnar. Annað árið í röð höfðu Garðbæingar hægt um sig á leikmannamarkaðnum.

Finni Guðjón Baldvinsson markaskónna og vörninn smelli gæti Stjarnan fíkrast ofar og blandað sér í baráttuna um Evrópusæti.

Álitsgjafinn segir
Kristján Guðmundsson

Það hefur verið lítil hreyfing á leikmannahópi Stjórnunnar undanfarin ár og liðið hefur lítið styrkt sig í vetur. Reyndar kom Martin Rauschenberg til liðsins sem nýttist þeim vel þegar hann spilaði með liðinu árið 2014. Hjá Stjórnunni er kjarni af reynslumiklum leikmönnum sem hefur verið í fremstu röð lengi. Það gæti hins vegar komið þeim í koll að hafa ekkert hrist upp í hlutunum á milli tímabila en að sama skapi gæti það verið þeirra helsti styrkleiki.

Tölfræði sem
skiptir máli

6 mörk fékk Stjarnan á sig á móti ÍA í leik í Lengjubikarnum

6 ár eru liðin síðan Stjarnan tapaði í fyrstu umferðinni.

Nýju andlitin

Ásgeir Þór Magnússon frá Val
Elis Rafn Björnsson frá Fylki
Martin Rauschenberg frá Svíþjóð
Nico Gribenco frá Danmörku

Fylgstu með þessum

Sölvi Snær Guðbjargarson sem verður átján ára í sumar kom við sögu í þrettán leikjum í fyrra og skoraði tvö mörk.

1. ?	7. KA
2. ?	8. Fylkir
3. ?	9. Víkingur
4. ?	10. ÍBV
5. Stjarnan	11. Grindavík
6. ÍA	12. HK

GENGID SÍÐUSTU SEX TÍMABIL 2018 3. SÆTI | 2017 2. SÆTI | 2016 2. SÆTI | 2015 4. SÆTI | 2014 1. SÆTI | 2013 3. SÆTI |

Fyrsta skrefið tekið í átt að Íslandsmeistarátitlinum



Deildar- og bikarmeistarar Vals stigu fyrsta skrefið í átt að þriðja og stærsta titli tímabilsins í gær þegar Valur vann 73-63 sigur á Keflavík í gær. Vinna þarf þrjá leiki til að tryggja sér Íslandsmeistarátitlinn og eru Valskonur á höttunum eftir þeim fyrsta í sögu félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Úrslitaeinvígi
hefst í kvöld

ÍÞRÓTTIR Úrslitaeinvígið í Olís-deild kvenna hefst loksins í kvöld eftir þrettán daga bið, sama dag og einvígi KR og ÍR í úrslitum í Dominos-deild karla hefst í Vesturbænum.

Annað árið í röð eru það Valur og Fram, sigursælustu félögin í íslenskum kvannahandbolta, sem mætast í úrslitum Olís-deildarinnar. Valsliðið er handhafi bikar- og deildarmeistarátitilsins en Fram er ríkjandi Íslandsmeistari. Þegar þessi lið mættust í fyrra vann Fram 3-1 sigur en Valsliðið mætrir ógnarsterkt til leiks í ár.

Í Vesturbænum hefst úrslitaeinvígið á milli tveggja sigursælustu liðanna í íslenskum karlakörfbolta. KR-ingar sem eru ríkjandi Íslandsmeistarar hafa unnið undanfarin fimm ár og eru í leit að þeim sjötta í röð og þeim átjanda í sögu karlaliðsins.

ÍR sem hefur fimmtán sinnum lyft Íslandsmeistarátitlinum leikur í fyrsta sinn til úrslita eftir að úrslitakeppnin hófst árið 1984. Breiðhlyttingar eru í leit að fyrsta Íslandsmeistarátitlinum í 42. sinn. – kpt

FORD FIESTA
ER FLOTTUR!

Einkenni Ford Fiesta eru ríkulegur staðalbúnaður, frábærir aksturseginnleikar, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður.

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

- Ökumannspakki 2 sem innifelur: Umferðaskiltalesara, ökumannsvaka, birtuskynjara fyrir aðalljós, hraðatakmarkara og 4,2 TFT litaskjá
- Upphitanleg framrúða
- Hljómtækjapakki sem innifelur: 8" snertiskjá, 7 hátalara, SYNC III raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu
- Bluetooth símabúnaður
- Apple CarPlay, Android Auto
- Ford MyKey
- Aksturstölva
- 16" álfelgur
- LED dagljós að framan
- Nálægðarskynjari að aftan og rafdrifin aðfelling útspegla
- Brekkuaðstoð
- Easy Fuel eldsneytisafyllingarkerfi án bensínloks
- Vindskeið að aftan



FORD FIESTA TITANIUM
1,1 bensín, 85 hestöfl, beinskíptur

PÁSKATILBOÐSVERÐ:

2.350.000 KR.

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Fiesta



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Lokað laugardaginn 20. apríl

HJÓLIN KOMIN

Skoðaðu
úrvalið á
everest.is



29" stærð
27 gíra
Diskabremsur

HEAD Granger 29"
Heildsöluverð 62.995,-



27.5"+ stærð
11 gíra
Fullsuspension
Rafhjól

STEVENS E-Whaka+ 27.5+
Heildsöluverð 579.995,-



28" stærð
24 gíra
Diskabremsur

HEAD I-Peak I 28"
Heildsöluverð 47.995,-



Head Kid Y11A
Verð 5.995,-



28" stærð
9 gíra
Diskabremsur
Rafhjól

HEAD Dayton 28"
Heildsöluverð 234.995,-



24" stærð
21 gíra
Diskabremsur

HEAD Ridott II 24"
Heildsöluverð 42.995,-



Head MTB W07
Verð 8.995,-



28" stærð
22 gíra
Carbon
Shimano 105

STEVENS Izoard
Heildsöluverð 245.995,-



20" stærð
7 gíra
V-bremsur

HEAD Ridott I 20"
Heildsöluverð 29.995,-



Alpina Mythos 3.0
Verð 16.995,-



27.5"+ stærð
22 gíra
Fullsuspension
140/130mm

STEVENS Whaka+ 27.5+
Heildsöluverð 389.995,-



Alpina King Carapax
Verð 30.995,-

ÖLL HJÓL Á HEILDSÖLUVERÐUM GERÐU VERÐSAMANBURÐ



MAMMUT
SWISS 1862



HEAD



ALPINA
EYEWEAR & HELMETS
HILLEBERG
THE TENTMAKER



RUDY
PROJECT



Skeifunni 6 · www.everest.is

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

- 1983** Kvinnalístin fær þrjár konur kjörnar á Alþingi.
- 1984** Bandarískir vísindamenn segja frá uppgötvun AIDS-vírussins.
- 1993** Stærstur hluti bátasafns Þjóðminjasafns Íslands brennur í skemmu við Vesturvör í Kópavogi.
- 2003** British Airways og Air France gefa út yfirlýsingu um að þau noti ekki Concorde-flugvélar framfar.
- 2005** Fyrsta myndskleiðið er sett inn á YouTube.
- 2008** Mótmæli vörubílstjóra á Íslandi 2008 halda áfram.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Björgvin Guðmundsson

sem andaðist þann 9. apríl 2019,
verður jarðsuginn
frá Frikirkjunni í Reykjavík á morgun,
miðvikudaginn 24. apríl, kl. 13.00.

Þorvaldur Björgvinsson
Guðmundur Björgvinsson
Björgvin Björgvinsson
Þórir Björgvinsson
Rúnar Björgvinsson
Hilmar Björgvinsson

Pirjo Aaltonen
Unnur Kristjánsdóttir
Elín Traustadóttir
Sjöfn Marvinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, dóttir, systir og amma,
Sigrún Kristín Þórðardóttir

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á
Hvammstanga þann 8. apríl sl.
Útför hennar fer fram þann 26. apríl
nk. kl. 15.00 í Hvammstangakirkju.

Sverrir Sigurðsson
Elísa Ýr Sverrisdóttir
Þórhallur M. Sverrisson
Halldóra Þorvarðardóttir, Jón Þórðarson og barnabörn.

Óskar Hallgrímsson
Hafðis E. Valdimarsdóttir

Mergævi, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfarastjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

*Við erum til staðar
þegar þú þarft á
okkur að halda*

Katla Þorsteinsdóttir,
lögfræðingur



Útfararþjónusta
& lögfræðisþjónusta

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag?
Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur
í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð
erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



„Það eru forréttindi að hafa fengið að vera svona lengi með kórinn,“ segir Fríðrik S. Kristinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ætlaði að vera í mánuð

Fríðrik S. Kristinsson stjórnar Karlakór Reykjavíkur á vortónleikum nú á næstu dögum, þrítugasta árið sitt í röð. Hann nýtur þess og er hvergi nærri hættur.

Það stóð til að ég raddþjálfaði kórinn í mánuð. Páll Pampichler Pálsson, fyrrverandi kórstjóri, hafði samband við mig og bað mig um það. En þessi eini mánuður er orðinn að þrjátíu árum og ómögulegt að segja hversu mörg þau verða,“ segir Fríðrik S. Kristinsson, kórstjóri Karlakórs Reykjavíkur.

Er þetta svona gaman? „Já, þetta er gaman og það eru forréttindi að hafa fengið að vera svona lengi með kórinn. Þetta eru frábærir félagar,“ segir Fríðrik og segir vissulega alltaf einhverja endurnýjun verða, nýir félagar komi inn á haustin og menn detti út af og til. „Við erum 70 til 75, með stærri karlakórum á landinu. Svo eru það ferðalög, við höfum ferðast víða á þessum þrjátíu árum. Það stendur upp úr. Efst í minningunni núna er ferðin í fyrra til Austurríkis. Við sungum meðal annars í Graz og heilduðum þar Pál Pampichler níráðan. Svo hefur alltaf verið toppurinn að fara til Færeyja. Þar eigum við góða vini sem taka á móti okkur. Við höfum sungið þar að vori til og verið tvisvar eða þrisvar með jólatónleika á adventunni, bæði í Þórshöfn og Klakksvík.“

Syngið þið á færeysku? „Já, já, það er ekkert vandamál, nema það séu þeim mun fleiri vers, við leggjum ekki í stóru sagnakvæðin þeirra.“

Er karlakórahefðin rík í Færeyjum? „Það er stór karlakór í Þórshöfn, Mannskór Þórshafnar. Kórahefð er mikil í Færeyjum, eins og hjá okkur. Það eru nánast allir í kór og Færeyingar eiga góða kóra.“ Spurður hvort frelsistilfinning grípi



Æfingar eru stífar þegar stórtónleikar nálgast eins og nú. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

karlana þegar þeir eru farnir að syngja saman einhvers staðar svarar Fríðrik: „Jú, þegar búð er að æfa stift þá verður uppskerufögnuður á tónleikum. Stundum förum við einir í æfingabúðir, þá er alltaf fjör. Mjög gaman.“

Nú eru það vortónleikarnir sem allt snýst um. „Við erum með þrenna tónleika í Langholtskirkju – á morgun, 24. apríl klukkan 20 og sumardaginn fyrsta á sama tíma en klukkan 15 á laugardaginn, þann 27. Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað, sópran, verður með okkur. Anna Guðný Guðmundsdóttir hefur spilað með okkur öll þessi ár og gerir það líka núna. Svo leika fimm hornleikarar í tveimur lögum og við erum með mjög fjölbreytta efnisskrá, íslensk ættjarðarlög, norræna tónlist, óperur, Schubert, Liszt, lengi mætti telja.“

Karlakór Reykjavíkur er í raun tveir kórar, þessi hefðbundni og Eldri félagar Karlakórs Reykjavíkur. Hann verður með á tónleikum núna í tilefni af starfsafmæli stjórnandans. „Eldri kórinn syngur þrjú lög. Ég æfi þá alveg sér og þeir eru með sína vortónleika 1. maí í Háteigskirkju. Sá kór var stofnaður fyrir 55 árum en Karlakór Reykjavíkur var stofnaður 1926 svo það stýttist í ald-arafmæli.“

Eftir vortónleikana taka kórarnir sér frí en að sumarfríinu loknu segir Fríðrik strax farið að æfa fyrir adventutónleikana. Við tókum forskot á þá tónleika vestur í Stykkishólmi 30. nóvember. Kórinn ætlar að gera það fyrir mig að syngja þar, af því að ég er Hólmari.“
gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Sigurþóra Magnúsdóttir
hjúkrunarfræðingur,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á
Patreksfirði þann 12. apríl síðastliðinn.
Útförin fer fram á sumardaginn fyrsta þann
25. apríl kl. 14.00 í Patreksfjarðarkirkju.

Helgi Páll Pálmason **Sólveig Ásta Ísafoldardóttir**
Guðný Freyja Pálmadóttir **Guðbrandur Bjarnason**
Salóme Þorbjörg Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku maðurinn minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
Þorsteinn Snædal
Grettisgötu 6, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 7. apríl.
Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju
miðvikudaginn 24. apríl klukkan 13.

Ágústa Axelsdóttir
Óttar Snædal **Eva Lind Gíga**
Daði Ingólfsson **Gunnhildur Ólafsdóttir**
og barnabörn.



FRIDJUDAGUR 23. APRÍL 2019

Heilsa



„Ég er að þróa líkan sem nýtir lífeðlisfræðileg merki til að fylgjast með vinnuálagi í rauntíma,“ segir Eydis Huld Magnúsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stórt skref fram á við

Hægt er að flokka hugrænt vinnuálag í um 85% tilvika samkvæmt rannsóknnum Eydísar Huldar Magnúsdóttur. Um er að ræða stórt skref fram á við í þeirri viðleitni að tryggja öryggi starfsstétta sem eru undir miklu álagi í vinnu.

Starri Freyr
Jónsson
starri@frettabladid.is



Eydís Huld Magnúsdóttir varði í janúar doktorsverkefni sitt frá tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík (HR) en rannsókn hennar fjallaði m.a. um spurningar á borð við: Er hægt að setja mælistiku á það hvenær einstaklingar eru komnir að þeim þröskuldi álags að þeir geti ekki sinnt starfi sínu með fullnægjandi og ábyrgum hætti? Og er þá um leið hægt að koma í veg fyrir hugsanleg mistök vegna álags?

Hún segir markmið rannsóknar-

innar vera að fylgjast með huglægu vinnuálagi hjá einstaklingum sem starfa í ábyrgðarmiklum störfum, t.d. flugumferðar- og flugstjórn, með það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á jafnt árangur, líðan þeirra og síðast en ekki síst öryggi þeirra og öryggi almennings. „Ég er að þróa líkan sem nýtir lífeðlisfræðileg merki til að fylgjast með vinnuálagi í rauntíma. Líkanið fylgdist með einstaklingum sem starfa í ábyrgðarmiklum störfum þar sem mistök geta verið afdrifurík, s.s. hjá flugumferðarstjórum eða hjá flugmönnum, til að geta gripið inn í þegar viðkomandi er kominn yfir þölmörk sín og eru

þ.a.l. líklegri til að gera mistök. Í þessari rannsókn eru einkenni dregin úr tvenns konar lífeðlisfræðilegum merkjum, úr tali og frá hjarta- og æðakerfinu. Þessi einkenni eru síðan notuð til að greina hugrænt vinnuálag einstaklinga í þrjá flokka með þekktum aðferðum gagnanáms (e. data mining).“

Fordæmalaus þáttaka

Eydís segir niðurstöðurnar sýna að með því að nýta þessi tvö lífeðlisfræðilegu merki er hægt að flokka hugrænt vinnuálag í um 85% tilvika í þrjá flokka: lágt, miðlungs og mikið hugrænt vinnuálag.

„Þessar niðurstöður eru einstakar að því leyti að þessi tvö merki hafa ekki verið nýtt í þessum tilgangi áður og rannsóknir hafa einungis reynt að flokka hugrænt vinnuálag í tvo flokka, þ.e. lágt og mikið. Þessar niðurstöður byggja á þátttöku um 100 einstaklinga sem er nærri fordæmalaus fjöldi þátttakenda í sambærilegum rannsóknnum. Þetta var gert mögulegt með tilstuðlan styrks frá Rannís og gefur niðurstöðunum aukið vægi.“

Hún segir ekki síður afgerandi í niðurstöðunum að árangur flokkunar er afar einstaklingsbundinn. „Fyrir töluverðan fjölda einstaklinga er vel hægt að greina

Léttu lifrinni lífið!



100% rétt eða því sem næst, en svo er hópur sem hefur reynst erfiðara að greina. Rannsóknir í gegnum tíðina hafa glímt við þennan einstaklingsbundna mun en ekki tekist að finna hvað einkennir þessa einstaklinga.“

Þrír leiðbeinendur

Eydís segir doktorsverkefni almennt snúast um sérhæfingu á mjög afmörkuðu sviði innan viðkomandi greinar en verkefni hennar sé óhefðbundið að því leyti að til að ná fram markmiðum þess þurfti að koma til þekking frá mörgum ólíkum sviðum. „Þar af leiðandi voru leiðbeinendur mínir þrír, Dr. Jón Guðnason úr verkfræðideild og doktor Kamilla Rún Jóhannsdóttir úr sálfræðideild, bæði við Háskólann í Reykjavík. Þeim til viðbótar var Dr. Arnab Majumdar frá Imperial College í London leiðbeinandi minn, en sem hluti af doktorsnáminu stundaði ég rannsóknir við þann skóla haustið 2017.“

Vakið mikla athygli

Þær aðferðir sem eru kynntar í rannsókninni hafa vakið mikinn áhuga að sögn Eydísar, bæði hérlandis og ekki síst erlendis. „Í dag erum við komin með lausn sem við teljum að hægt væri að þróa að endanlegu líkani á fáeinum árum. Þessi hugmynd hefur líka víðari skírskotun en nefnt hefur verið, t.d. fyrir skurðlækna, starfsmenn á löndunarkrönum og jafnvel til nota fyrir almenning með það að markmiði að geta stjórnað streitu yfir daginn og þar með stuðla að bættri heilsu og líðan sinni.“

Hún telur því að komin sé fram aðferð sem nýtist sem mikilvægur grunnur að líkani sem hægt væri að aðlaga að einstaklingum og þar með nýta í raunverulegu umhverfi. „Um er að ræða stórt skref fram á við í þeirri viðleitni að tryggja öryggi á þeim starfssviðum sem hingað til hafa einkenst af því að vera að jafnaði undirsett verulegu álagi, með tilheyrandi áhættu fyrir bæði starfsfólk og notendur þeirrar þjónustu sem innt er af hendi.“

Í hringiðu þróunar

Áhugi Eydísar á þessu viðfangsefni kviknaði í fagi sem hún tók í mastersnámi sínu þar sem kenndar eru margar af þeim aðferðum sem notaðar eru í gervigreind og hafa stuðlað að þeirri miklu framþróun sem orðið hefur í tölvuheiminum í dag. „Þannig hef ég notið góðs af því að hafa stundað nám í hringiðu þróunar á þessu sviði og hefur HR þar svo sannarlega verið í fram-



Markmið rannsóknarinnar var að fylgjast með huglægu vinnuálagi hjá einstaklingum sem starfa í ábyrgðarmiklum störfum, t.d. flugumferðar- og flugstjórn.



Hluti af tilraunagögnum sem Eydís safnaði fyrir rannsóknirna var upptaka gagan þar sem flugmenn hjá Icelandair tóku þátt eftir að hafa lokið þjálfunartíma í flugherminum. MYNDIR/HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

varðarsveit hér á landi. Ég hafði þá samband við kennarann í því fagi, Dr. Jón Guðnason, og úr varð að ég vann lokaverkefni mitt fyrir M.Sc. gráðuna undir leiðsögn hans. Það

verkefni og styrkur sem hann og Dr. Kamilla Rún Jóhannsdóttir fengu frá Rannís til að fjármagna gagnaöflun varð svo grundvöllurinn að doktorsverkefni mínu. Þar

má segja að boltinn hafi byrjað að rúlla sem enn sér ekki fyrir endann á.“ Auk styrksins frá Rannís hafa Isavia og Icelandair styrkt doktorsnám hennar.

Erfitt styrkjaumhverfi

Rannsóknir á borð við þá sem Eydís hefur stundað eru dýrar og skila færstar beinum tekjum til skamms tíma. Því þurfi að reida sig á styrki en þar eru margir um hituna. „Hér á landi er helst hægt að sækja um styrki til Rannís en þar fá einungis um um 16% umsókna styrk á hverju ári. Visindafólk býr því við lítið starfsöryggi og eftir að hafa byggt upp sérfræðiþekkingu á sínu sviði þarf það að snúa sér að öðru án þess að geta klárað þau verkefni sem hafin voru. Ljóst er að spekileki er staðreynd í hópi vísindafólks þar sem Íslendingar sem fara í nám eða vinnu í útlöndum eiga ekki afturkæmt, t.d. vegna færra tækifæra fyrir þá eða maka þeirra, sem eru oft líka hámenntaðir á ólíkum fræðisviðum.“

Hingað til hefur hún verið heppin með styrki en nú er mikil

„Þannig hef ég notið góðs af því að hafa stundað nám í hringiðu þróunar á þessu sviði og hefur HR þar svo sannarlega verið í framvarðarsveit hér á landi.“

óvissa fram undan. „Ég er því miður í þeirri stöðu að vera búin að vinna að verkefni í tæp sex ár með góðum árangri en get ekki klárað til enda eins og staðan er í dag. Þar sem verkefnið mitt byggir á svipaðri tækni og notuð er við talgreiningu mun ég því á næstu misserum einbeita mér að því að stuðla að nýtingu á þeirri tækni á Íslandi.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarnefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:

Torg ehf

Ábyrgðarmaður:

Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Benedikt Bóas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 | Sólveig

Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761

| Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli

Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is,

s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

MÓTORHJÓL

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um Mótorhjól kemur út laugardaginn 27. apríl.

Trygðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Atli Bergmann markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5657 / atli@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fasteignablaðið

16. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 23. APRÍL 2019

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



www.landmark.is

... leiðir þig heim!



Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900



ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti



MIDBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

Glæsilegt einbýlishús við Elliðavatn

LANDMARK sími 512-4900
KYNNIR 259,1 fm einstaklega fallegt einbýli á tveimur hæðum með frábæru útsýni. Eignin stendur hátt í enda botnlanga og þaðan er óhindrað útsýni yfir Elliðavatn og til Bláfjalla.

Nánari lýsing neðri hæðar: Forstofan er með flisar á gólfi og skápum.

Hol er rúmgott og með flisum á gólfi. Tvö svefnherbergi og er annað parketlagt og hitt er með flisum og parketi á gólfi, úr báðum herbergjum er útgengi á sólpall. Badherbergi er flísalagt í hólf og gólf, opin sturta, upphengt wc, handklæðaofn og vaskur. Stiginn er steypdur og parketlagður, handrið úr burstuðu stáli, innfelld lýsing við stiga sem er tengd tímarofa sem kviknar um leið og kviknar á útiljósum. Bílskúr er með flisum á gólfi og góðri hvítri innréttingu. Geymsla inn af bílskúr er með flisum á gólfi og hillum.

Nánari lýsing efri hæðar
Eldhús er opið með parketi og flisum á gólfi, góð eyja með granítborðplötu, vinskápur í eyju, Miele eldhústæki og gólfsíðir gluggar. Borðstofa er með parketi á gólfi og gólfsíðum gluggum með útsýni yfir Elliðavatn. Stofa er með parketi á gólfi, fallegum arni, rennihurð út á pall, pallurinn er rúmgóður og




Húsið stendur á fallegum stað með gríðarlegu útsýni.

afgirtur að hluta og þar er einnig heitur pottur.

Herbergisgangur er með parketi á gólfi og þar er sérsníðað skrifstofurými með rennihurð. Hjónaherbergi er með parketi á gólfi, fataherbergi og hægt að ganga út á pall úr svefnherbergi. Badherbergi er flísalagt í hólf og gólf, upphengt wc, opin sturta, handklæðaofn, eikarinnrétting með graniti og tveimur vöskum.

Þvottahús er með flisum á gólfi með góðu skáplássu og vinnuborði, vélar í vinnuhæð, vaskur og gluggi.

Íbúðarhluti á tveimur hæðum er samtals 214,9 fm og bílskúr 44,2 fm. Lóðin er 1.054 fm. Gólfhiti er í öllu húsinu og hiti í bilaplani. Sjón er sögu ríkari.



Frá gluggum blasa Elliðavatn og Bláfjöll við.

Sýningu á eigninni annast Eggert Mariúson, löggiltur fasteignasali og félagsmaður í Félagi fasteignasala, s.690-1472 eða með tölvu-pósti eggert@landmark.is



Hlíðasmára 2, 201 Kópavogi, sími: 863-0402



Opið hús á miðvikudaginn kl. 12:30-13:00

Stærð: 101,8 fm
Svefnherbergi: 2

Vesturgata 7, 101 Reykjavík

Verð: 49.900.000

Mjög falleg 4ra herbergja íbúð fyrir eldri borgara á 4ju. hæð í lyftuhúsi við Vesturgötu 7. Ýmis þjónusta er í húsinu s.s. heilsugæsla og hægt að fá aðgang að félagsstarfi aldraðra. Íbúðin var mjög mikið endurnýjuð fyrir nokkrum árum og er björt og rúmgóð. Komið er inn í andyri með fataskáp. Gengið beint inn í opið eldhús með L-laga innréttingu, efri og neðri skápar, opið inn í stofu, við hlíð stofu er rúmgóð sjónvarpsstofa. 2 svefnherbergi og annað með rúmgóðum skápum. Badherbergi er flísalagt í hólf og gólf, sturta, góðar innréttingar og tengi fyrir þvottavél. Harðparket er á öllum gólfum nema badherbergi. Rúmgóð geymsla er á efri hæð. Húsið er klætt að utan með steini og þak koparklætt

WWW.HUSASKJOL.IS HUSASKJOL@HUSASKJOL.IS WWW.FACEBOOK.COM/HUSASKJOL

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÉNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar



EIGNAMÍÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali s. 824 9093



Guðmundur Sigurjónsson
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali



Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali s. 864 5464



Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri s. 899 1882



Magna S. Sverrisdóttir
MBA, löggiltur fasteignasali s. 861 8511



Hilmar Þór Hafsteinnsson
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumíðlari s. 824 9098



Brynjar Þ. Sumarliðason
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali s. 896 1168



Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali s. 824 9096

BAKKASTAÐIR 119 110 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Glæsilegt 211,3 fm 5 herbergja raðhús á 4 pöllum með bílskúr á einstökum útsýnisstað í Reykjavík. Húsið er teiknað af Páli Hjaltasyni arkitekt. Eignin skiptist í forstofu, stóra stofu með mikilli lofthæð með stórum gólfíðum gluggum, innfelltri lýsingu og stórbrotnu sjávarútsýni. Gengið út á pall úr stofu. Opíð eldhúsið inn í stofu. 2 badherbergi, 3-4 svefnherbergi, eymbað, geymsla og bílskúr. Falleg og einstök eign á frábærum útsýnisstað í Reykjavík. **V. 88,9 m**

Opíð hús þriðjudaginn 23. apríl milli kl. 17:15 og 18:00

Nánari uppl. Hreiðar Levý Guðmundsson s. 661 6021, hreiðar@eignamidlun.is og Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882

STIGAHLÍÐ 64 105 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN



Stórglæsilegt 350,3 fm vel staðsett einbýlishús með tvöföldum innbyggðum bílskúr. Húsið var endurnýjað á vandaðan hátt árið 2008 og 2009. Fimm svefnherbergi, 3 badherbergi og gestasnyrting. Stór afgirt lóð og harðviðarvernd með heitum potti til suðurs. Húsið er laust til afhendingar við kaupsamning.

Nánari uppl. Sverrir Kristinsson lg.fs. 861 8514, sverrir@eignamidlun.is og Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882

HRAUNBÆR 53 110 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN

Mikið endurnýjað 160,6 fm raðhús á einni hæð með bílskúr. Húsið er skráð 139,9 fm og bílskúr staðsettur í lengju bílskúra er 20,7 fm. Endurnýjaðar innréttingar, fataskápar, gólfefni, innihurðar, hluti glugga og glers, raflagnir og fl. **V. 72,0 m**

Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

SKEIÐARVOGUR 29 104 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

158 fm, gott 5 herbergja raðhús á tveimur hæðum á fjölskylduvænum stað í Vogahverfi. Sérinnangangur. Fjögur svefnherbergi. Skjólsæll garður. Bílskúr í sérstæðu þriggja skúra húsi. Stutt í alla helstu þjónustu. **V. 68,5 m**

Opíð hús þriðjudaginn 23. apríl milli kl. 17:30 og 18:00

Nánari uppl. Hrafnhildur Björk Baldursdóttir lg.fs. 862 1110, hrafnhildur@eignamidlun.is

LAUGARNESVEGUR 110 105 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN

Mjög góð 2ja herbergja 59,5 fm íbúð með sérinnangang á jarðhæð. Húsið hefur mikið verið endurnýjað síðustu ár. **V. 32,9 m**

Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinnsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is

HELLUVAÐ 7 110 REYKJAVÍK



BÓKIÐ SKOÐUN

4 herb. 111 fm íbúð á 2. hæð við Helluvað við Norðlingaholti. Stofa og þrjú herbergi. Eldhúsið er opíð yfir í stofuna. Sér þvottahús. Staði í bilageymslu. Góðar svalir útaf stofu til suðurs/suðvesturs. Fallegt útsýni. Íbúðin er laus við kaupsamning. **V. 47,5 m**

Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

GRETTISGATA 60 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Virkilega björt og falleg 35,1 fm. mikið uppgerð tveggja herbergja íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning. **V. 32,5 m**

Opíð hús þriðjudaginn 23. apríl milli kl. 17:00 og kl. 17:30

Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason lg.fs. s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is

FURUGERÐI 13 108 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Um er að ræða 93,3 fm 4ja herbergja íbúð á þessum frábæra stað þar sem stutt er í alla almenna þjónustu, skóla og samgöngur. **V. 47,0 m**

Opíð hús miðvikudaginn 24. apríl milli kl. 17:00 og 17:30

Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is



Guðbjörg Matthíasdóttir
Lögfræðingur,
löggitur
fasteignasali
s. 588 9090



Ármann Þór Gunnarsson
Löggitur
fasteignasali
s. 847 7000



Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Löggitur
fasteignasali
s. 862 1110



Hreiðar Levý Guðmundsson
Nemi til lögg.
fast.sala
s. 661 6021



Jenny Sandra Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri



Ásdís H. Júlíusdóttir
Ritari



María Guðrún Waltersdóttir
Móttökuritari



Sesselja K. Sigurðardóttir
Skjalavinnsla/
auglýsingar

**KÓPAVOGSBRAUT 18
200 KÓPAVOGUR**



OPIÐ HÚS




179,5 fm eign sem skiptist í aðalhæð og efri hæð/ris. Jafnframt er bílskúr innréttaður sem tveggja herbergja íbúð sem hefur verið í útleigu. Sambyggð bílskúrnum er góð, innréttuð geymsla með sérinngangi. Kjallaraíbúð með sérinngangi og séráfrömkun hluta lóðar tilheyrir öðrum. **V. 69,9 m**
Opið hús þriðjudaginn 23. apríl milli kl. 17:00 og 17:30
Nánari uppl. Kjartan Hallgeirsson lg.fs. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is

**SKEIÐAKUR 1
210 GARÐABÆ**



BÓKIÐ SKOÐUN



Fallegt og stílhreint 332,5 fm einbýli í Akrahverfi. Húsið er vel staðsett fyrir neðan götu. Húsið er mjög glæsilegt og er á þremur pöllum. Á miðpalli er forstofa, hol og sjónvarpsherbergi (mætti nota sem svefnherbergi) snyrting, stofa, arinstofa, borstofa og eldhús. Á efri pallinum eru tvö barnherbergi, vinnuherbergi, hjónaherbergi, geymsla og baðherbergi. Á neðri pallinum er hol, baðherbergi, svefnherbergi, þvottahús, og rúmgóður bílskúr en innangengt er í hann.
Nánari uppl. Kjartan Hallgeirsson lg.fs. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is

**GARÐATORG 4B
210 GARÐABÆ**



OPIÐ HÚS



108,0 fm 3 herb. íbúð á 3. hæð í nýlegu vönduðu álklæddu lyftuhúsi. Vandaðar innréttingar, tvennar fyrirbyggðar svalir, útsýni. Stæði í bílageymsluhúsi fylgir. **V. 64,9 m**
Opið hús þriðjudaginn 23. apríl milli kl. 17:15 og 17:45
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

**ÁLFABREKKA 15
200 KÓPAVOGUR**



BÓKIÐ SKOÐUN



337,5 fm einbýli/tvíbýli með aukaíbúðum á einstökum útsýnistað í norðurhlíðum Kópavogs. Í húsinu í dag eru fjórar íbúðareiningar sem allar eru í útleigu. Allt að 10 svefnherbergi. Útgráfinn kjallari til viðbótar. Afhending verður haustið 2019 **V. 153,0 m**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

**LAUFENGI 29
112 REYKJAVÍK**



BÓKIÐ SKOÐUN

Um er að ræða glæsilega 79,5 fm 3ja herbergja íbúð ásamt stórum og góðum sólpalli sem snýr til suðvesturs. Stutt er í alla almenna þjónustu. **V. 38,9 m**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

**HLÍÐARHJALLI 55
200 KÓPAVOGUR**



BÓKIÐ SKOÐUN

3ja herb. 81,4 fm endaiíbúð á 2. hæð í einstaklega vel staðsettu litlu fjölbýli í suðurhlíðum Kópavogs. Endurnýjað eldhús, mjög gott útsýni. Tvö svefnherbergi. Snyrtileg sameign. Eignin er laus fjórtílega. **V. 36,9 m**
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

**GULLSMÁRI 4
201 KÓPAVOGUR**



BÓKIÐ SKOÐUN

Góð og velskipulögð 86,1 fm 4 herbergja íbúð á 2. hæð. Sérmerkt bílastæði fyrir utan húsið. Eignin skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi, stofu, eldhús, búr/þvottahús, baðherbergi og sérgeymslu í kjallara. **V. 45,9 m**
1...Bf4! 2. Hd5 Rxd5! 0-1. Ungmennaliðið (+50) vann góðan sigur á Armenum í sjöundu umferð HM öldungasveita í gær. Reynsluliðið (+65) fékk hins vegar harðan skell á móti Þjóðverjum. Áttunda og næstsíðasta umferð fer fram í dag. Bæðar sveitir í toppbaráttunni.

www.skak.is: HM öldungasveita.


Svartur á leik



3	1	6	4	9	8	7	5	2
7	9	5	1	2	6	3	4	8
4	2	8	3	5	7	6	9	1
8	4	2	5	7	3	9	1	6
6	7	1	8	4	9	2	3	5
5	3	9	6	1	2	8	7	4
9	5	3	2	6	1	4	8	7
1	6	7	9	8	4	5	2	3
2	8	4	7	3	5	1	6	9
4	6	7	5	1	3	2	9	8
5	8	2	7	9	4	1	6	3
9	1	3	6	8	2	4	5	7
8	9	5	2	3	6	7	4	1
1	2	6	4	7	9	8	3	5
3	7	4	8	5	1	6	2	9
6	3	1	9	2	8	5	7	4
2	5	9	1	4	7	3	8	6
7	4	8	3	6	5	9	1	2
5	8	3	7	2	1	6	9	4
4	6	1	3	5	9	7	2	8
7	9	2	8	4	6	3	1	5
8	1	6	4	9	2	5	3	7
9	7	5	1	8	3	2	4	6
2	3	4	6	7	5	9	8	1
6	2	8	9	1	7	4	5	3
3	4	9	5	6	8	1	7	2
1	5	7	2	3	4	8	6	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Simaveski.is



Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Simaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Þú finnur
draumastarfið á

Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir



Kennsla



GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU

Job.is



ÖLFUS

Skipulagsauglýsingar fyrir Sveitarfélagið Ölfus

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnar svæðið í Þorlákshöfn samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið er háð lögum um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006 þar sem skipulagið felur í sér framkvæmd sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 líkt og breyting á stofnvegi en slíkt er forsenda fyrir umhverfismat áætlananna.

Við breytinguna voru skoðuð áhrif á umhverfisþættina og metið í samræmi við stefnu ríkisins og sveitarfélaga í tilteknum málaflokkum, lög og reglugerðum. Deiliskipulagstillagan er byggð á gildandi deiliskipulagi fyrir hluta af svæðinu sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda 28. nóvember 2008 og því er um heildarendurskoðun á deiliskipulaginu að ræða skv. skipulagsreglugerð 90/2013, gr. 5.8.1. Við staðfestingu þessarar tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnar svæðisins fellur eldra deiliskipulag úr gildi.

Deiliskipulagstillagan er auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu fyrir Ölfus, 2010-2022 fyrir breytingu á hafnar svæðinu. Frá því deiliskipulagið tók gildi hefur þróun hafnar svæðisins verið töluverð og telur bæjarstjórn æskilegt sé að fella gildandi deiliskipulag úr gildi og leggja fram nýtt skipulag með viðbótarsvæði á norðurhlutanum.

Helstu breytingar á deiliskipulaginu eru að deiliskipulagið er stækkað til norðurs og þar skilgreindar 31 nýjar lóðir og umferðarflæði á því svæði. Hafnarvegur og Óseyrarbraut verða stofnbrautir niður að Herjólfsbryggju. Breytingar gerðar á hafnarmannvirkjum, fyllingum og viðleguköntum. Gert ráð fyrir möguleika á ferðaþjónustustarfsemi í bland við hafnarstarfsemi. Lóðunum Hafnarskeið 3, 5, 7 og 9 og lóðunum Óseyrarbraut 2, 4, 6, 8, 10 og 12 er bætt við deiliskipulagssvæðið. Smábótahöfnin minnkuð frá gildandi skipulagi og gert ráð fyrir að stærri skip geti lagst að Austurgarði. Svartaskersbryggja stýtt. Fylling að Herjólfsbryggju minnkuð. Landfylling sunnan Skarfaskersbryggju minnkuð, viðlegukantur út frá Norðurvör tekinn út. Suðurgarður breikkaður.

Megin markmiðið með breytingu á deiliskipulaginu er að skilgreina notkun innan deiliskipulagsins og að setja skilmála utan um hafnarstarfsemi á svæðinu, vöxt hennar og viðhald. Einnig er áhersla lögð á að færa alla starfsemi sem getur haft í för með sér lyktarmengun, fjær þéttbýlinu.

Breytingin gerð vegna breyttra forsendna og þróunar á hafnar svæðinu sem hafa breyst með aukningu á vöruflutningum á sjó og þá tíðari komur vöruflutningaskipa til Þorlákshafnar. Skipulagssvæðið er um 132 ha að stærð. Eldri hluti hafnarinnar er að mestu fullbyggður og eru ekki mikil tækifæri til þéttingar eða aukinna byggingarheimilda nema á nokkrum lóðum. Breytingartillagan, greinargerð og umhverfisskýrsla verða til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss að Hafnarbergi 1 frá og með 23. apríl 2019 til og með 4. júní 2019. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is.

Peim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til og með 4. júní 2019. Skila skal athugasemdam á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss.

STRÁ



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

www.stra.is

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.



„Lesendur hafa verið yfir sig glaðir, bæði finnst þeim gaman að hitta og hlusta á höfunda og ekki síður spennandi að kynna nýjum höfundum,“ segir Stella Soffia. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hátíð lesenda

Aðlögun er þema Bókmenntahátíðar í Reykjavík. Sérstök barnadagskrá, heiðursverðlaun til þýðenda og alþjóðleg bókmenntaverðlaun meðal þess sem er á dagskrá.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Bókmenntahátíð í Reykjavík verður sett formlega á morgun, miðvikudaginn 24. apríl, í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fjöldi erlendra rithöfunda er meðal þátttakenda auk íslenskra höfunda. Í Iðnó og Norræna húsinu verða upplestrar og viðtöl við höfunda og einnig verður dagskrá í Veröld, húsi Vigdísar. Og svo er það hið óviðjafnlega bókaball á laugardagskvöldinu sem er öllum opið.

Aðlögun er þema hátíðarinnar í ár. „Þetta hugtak er mjög vítt og getur átt við alls konar aðlögun,“ segir Stella Soffia Jóhannesdóttir sem stýrir hátíðinni. „Japanski höfundurinn Yoko Tawada er til dæmis búin að laga sig að nýju tungumáli og skrifar á þýsku. Norski rithöfundurinn Maja Lunde skrifar í skáldsögunni Blá um loftslagsbreytingar og hvernig fólk þarf að laga sig að þeim í framtíðinni. Svo er höfundur eins og Iain Reid en það er verið að laga bækurnar hans að sjónvarpsþáttaröðum. Þetta er skemmtilegt þema af því það er svo yfirgripsmikið.“

Leshópar fá sviðið

Segja má að hátíðin þjófstarti í dag, þriðjudag, með dagskrá á Akureyri. „Við byrjuðum með Akureyrardagskrá fyrir tveimur árum. Lily King og Hallgrímur Helgason munu í Hamragili ræða saman og lesa upp úr bókum sínum. Á Akureyri eru leshópar sem eru búnir að lesa bækur þessara höfunda og fá sviðið með höfundunum og spyrja þá spjörnum úr,“ segir Stella Soffia.

„Sams konar dagskrá er í Reykjavík en þá fara rithöfundarnir í heimsókn til leshópanna. Erlendu höfundunum finnst mjög gaman að koma til Íslands því þá eru þeir í mikilli nálægð við lesendur sína, og náttúrulega algveg sérstaklega þegar þeir eru sjálfir komnir inn í stofu til þeirra.“

Sérstök barnadagskrá

Í Norræna húsinu verður sérstök barnadagskrá. „Norræna húsið er algjör perla fyrir barnafjölskyldur,“ segir Stella Soffia. „Í kjallaranum er barnabókasafn og þar stendur nú yfir sýning sem nefnist Barnabókaflóðið og er opin allan þann tíma sem hátíðin stendur. Við ætlum að vera með dagskrá fyrir börn og fjölskyldur á laugardeginum 27. apríl. Barnadagskrá er tiltölulega nýtt fyrirbæri á Bókmenntahátíð í Reykjavík, við byrjuðum með hana fyrir tveimur árum og það gekk mjög vel. Nú viljum við gera enn betur og halda áfram að þróa dagskrána. Norski barnabókahöfundurinn Maja Lunde les upp og sagnaþulurinn Ingibjörg Ásdís Sveinsdóttir kemur og segir börnum sögur og gerir það með leikrænum tilþrifum. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, sem er sýningarstjóri Barnabókaflóðsins, verður með leiðsögn um flóðið og stjórnar listasmíðju þar sem þátttakendur fá að búa til eigin sögur og máli og myndum. Við erum svo með sérstaka barnadagskrá sem er sérstaklega ætluð börnum hælisleitenda. Þar mun Áslaug Jónsdóttir, ásamt arabískum túlki, lesa upp úr bókum sínum.“

Alþjóðleg bókmenntaverðlaun
Enginn pólskur rithöfundur sækir hátíðina heim að þessu sinni en pólskum bókmenntum verða gerð skil í Gerðabergi. Jacek Godek, sem

Erlendu höfundunum finnst mjög gaman að koma til Íslands því þá eru þeir í mikilli nálægð við lesendur sína.

hefur þýtt fjölmörg íslensk verk yfir á pólsku, mun þar segja frá pólskum bókmenntum sem hafa verið í mikilli sókn en fjallar einnig um þau íslensku verk sem hann hefur þýtt á pólsku. Dagskráin er bæði á pólsku og íslensku og fer fram sunnudaginn 28. apríl kl. 13 í góðu samstarfi við Borgarbókasafnið.

Á hátíðinni verða veitt í þriðja sinn heiðursverðlaun til þýðenda sem þýðir af íslensku yfir á erlent mál. Á sumardaginn fyrsta verður haldið alþjóðlegt þing um Halldór Laxness með bæði íslenskum og erlendum fyrirlesurum. Á þinginu verður jafnframt tilkynnt hver hlýtur Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness í fyrsta sinn.

Stella Soffia segir viðbrögð við hátíðinni ætíð hafa verið afbragðsgóð. „Lesendur hafa verið yfir sig glaðir. Bæði finnst þeim gaman að hitta og hlusta á höfunda sem þeir hafa þegar lesið en þeim finnst ekki síður spennandi að kynna nýjum höfundum og verkum. Þetta er hátíð lesendanna.“

Dagskrá Bókmenntahátíðar í Reykjavík er að finna á bokmenntahatid.is

KLÁRIR Í BÁTANA!



Þurrir AGM eða síru rafgeymar fyrir tæki og rúllur



Hleðslutæki




Óflugir start rafgeymar í mörgum stærðum

Mikið úrval • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is



UMHVERFISVIKA FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS 2019

DAGSKRÁ

25. apríl: Setning umhverfisviku

Ganga umhverfis Elliðaárdal og súpa í boði Vakandi

26. apríl: Umhverfis pub-quiz

Í samvinnu við FÍ Ung: Hvað veist þú um umhverfismál?

27. apríl: Gönguskórnir ganga aftur

Skiptimarkaður og fataviðgerðir í Mörkinni 6

28. apríl: Stóri plokkgurinn 2019

Ferðafélag Íslands tekur þátt um land allt

29. apríl: Ganga umhverfis Helgafell

í Hafnarfirði Grænn lífstíll

30. apríl: Ganga umhverfis Úlfarsfell

Drögum úr plastnotkun

1. maí: Ganga umhverfis Elliðavatn

Minnkum kolefnisfótsporið

2. maí: Undir, yfir og allt um kring

Fyrirlestrakvöld í Mörkinni 6

Þátttaka í umhverfisviku er ókeypis og allir velkomnir



Ferðafélag Íslands
www.fi.is

Skapandi óreiða Barns náttúrunnar

Í Landsbóksafni Íslands er sýning í tilefni af aldarafmæli Barns náttúrunnar, fyrstu skáldsögu Halldórs Laxness. Fræðimenn og listafólk skrifa greinar í veglega sýningarskrá.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Að vera kjur eða fara burt? er sýning sem opnar í dag, þriðjudaginn 23. apríl í Landsbókasafni Íslands. Tilefnið er aldarafmæli Barns náttúrunnar, fyrstu skáldsögu Halldórs Laxness. Á sýningunni eru meðal annars bréf Halldórs til foreldra sinna, fyrsta útgáfa Barns náttúrunnar með athugasemdum Halldórs sjálfs og myndir og textar þar sem leitast er við að varpa ljósi á tíðarandann á Íslandi þegar bókin kom út. Á sýningunni eru líka skapandi verkefni sem nemendur Flensborgarskólans í Hafnarfirði unnu upp úr sögunni en þau eru mörg hver jafnaldrar höfundarins 16 og 17 ára.

Vegleg sýningarskrá kemur út en í henni eru greinar eftir fræðimenn og listafólk. Þar skrifar Haukur Ingvarsson um skáldsöguna Barn náttúrunnar, Halldór Guðmundsson skrifar um barnið Halldór Laxness sem var aðeins sextán ára þegar hann skrifaði söguna. Kristín Marja Baldursdóttir fjallar um myndlist á Íslandi árið 1919, Árni Heimir Ingólfsson um tónlist og Sjón um kvikmyndir. Auður Jónsdóttir skrifar um fjölskylduna í Laxnesi og Unnar Örn um bókaútgáfu í aldarbyrjun.

„Okkur langaði til að rekja okkur eftir ákveðnum þráðum í bókinni sem liggja út í samtíma hennar. Sjónum er sem sé bæði beint að bókinni og menningarumhverfinu sem hún kemur inn í árið 1919,“ segir Haukur Ingvarsson bókmenntafræðingur og rithöfundur sem skrifar hryggjarstykkíð í sýningarskránni. „Ég held að þetta sé eitt af þeim tímabilum sem á eftir að verða í mikilli endurskoðun í bókmenntasögunni. Tengslin við útlönd voru t.a.m. önnur en við ímyndum okkur alla jafna. Eimskipafélagið var nýstofnað og á tímum fyrri heimstyrjaldar sigldu skip þess til Englands annars vegar og til Ameríku hins vegar. Kannski verður Íslendingum ljóst á þessum tíma að lega landsins á hnettinum er mjög dýnamísk. Þeir geta horft bæði til Evrópu og Ameríku. Og



Hann er ekki einfaldur karla-karl, segir Haukur um Halldór Laxness. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

stundum hefur kastljósinu verið beint á móti eins og á tímum seinni heimstyrjaldarinnar og í kalda stríðinu.“

Hulda lík Halldóri

Eitt af umfangullunarefnum Barns náttúrunnar er einmitt Vesturfarinn Randver, efnadur aðkomu- maður, sem snýr aftur til Íslands til að leita að andlegum verðmætum. Hann er með allt aðra reynslu en þorri Íslendinga. En aðalpersóna bókinnar er Hulda – barn náttúrunnar. „Manni finnst eins og það sé mest af Halldóri sjálfum

ÞÓTT ÞETTA SÉ BÓK EFTIR SEXTÁN TIL SAUTJÁN ÁRA BARN ÞÁ GEFUR HÚN VÍSBENDINGAR UM ÞAD SEM SÍÐAR ÁTTI EFTIR AÐ VERÐA.

í Huldu. Hún er jafnaldri Halldórs og lík honum að ýmsu leyti,“ segir Haukur. „Hún er óstýrilát og dreymir stóra drauma um að sigla og skoða heiminn. En eins og svo oft á höfundarferli Halldórs þá er undarleg þverstæða milli lífs og listar. Hulda og Randver verða

ástfangin og eftir miklar flækjur ákveður hún að fylgja hugsjón hans um að setjast að á Íslandi, rækta landið og sinna búskap. Bókin var hins vegar ekki komin úr prentun þegar Halldór sjálfur var komin á skipsfjöl á leið út í heim, algjörlega í andstöðu við niðurstöðu bókarinnar.“

Í verki þessa barns sem skrifar bókina er kvenpersónan lang áhugaverðust. „Ég held að þetta sé eitt af því sem gerir höfundarverk Halldórs Laxness lífvænlegt. Hann er ekki einfaldur karla-karl. Þótt þetta sé bók eftir sextán til sautján ára barn þá gefur hún vísbendingar um það sem síðar átti eftir að verða. Ugly og Snæfríður Íslandssól, svo ekki sé minnst á Söllu Völlu, eru persónur í fullri stærð sem hægt er að skoða frá öllum hliðum, ekki bara einvíð ástarviðföng. Eftir að hafa legið yfir Barni náttúrunnar held ég áfram að hrjóta heilann um Huldu og af hverju hún sættir sig við að verða bóndakona uppi á heidi. Það er skapandi óreiða í bókinni sem gerir hana spennandi eftir öll þessi ár.“

Að vera kjur

Að vera kjur eða fara burt? er samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, Gljúfrasteins, Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO og Forlagsins. Safnaráð og Vinafélag Gljúfrasteins styrkja verkefnið. Ólafur J. Engilbertsson er hönnuður sýningarinnar. Þess skal svo getið að í tilefni aldarafmælis Barns náttúrunnar verður skáldsagan endurútgefin á vegum Forlagsins, með eftirmála eftir Halldór Guðmundsson.

Snjöll frásagnartækni

Haukur segir að í þessu æskuverki sé að finna hugmyndir sem stingi síðar upp kollinum í verkum Laxness. „Það eru spírur í þessari litlu bók sem blómstra í seinni verkum hans. Þótt þetta sé bók eftir sextán til sautján ára barn þá gefur hún vísbendingar um það sem síðar átti eftir að verða.“

Ég tel að upphafskaflinn sýni ótvíræða hæfileika höfundarins. Hann flæðir áfram, vellur hreinlega yfir mann. Lesendur slást í för með æskumanni sem er greinilega í sjúklegri ástarsorg og ætlar að fremja sjálfsmorð. Honum tekst ætlunarverk sitt og hann hverfur af sjónarsviðinu. Örlög hans eru forvitnileg, þau magna upp spennu og vekja spurningar sem lesandinn leitar svara við bókina á enda. Þetta er ákaflega snjöll frásagnartækni sem ég held að Halldór noti seinna í breyttri mynd í Sjálfstæðu fólki þegar hann leiðir söguviðið fyrir sjónir lesandans með kynngimagnaðri þjóðsögu.

Fortíðin breytist

Haukur segir að afstaðan til dauðans í bókinni sé umhugsunarverð. „Meðan Halldór skrifaði bókina geisaði fyrri heimsstyrjöldinni og spænka veikin. Dauðinn var nálægur. Maður sér þetta á fleiri bókum sem komu út um þetta leyti, það mætti nefna Söngva förmannansins eftir berklaskáldið Stefán frá Hvítadal og Svartar fjaðrir eftir Davíð Stefánsson. Myrkríð og dauðafantasiurnar eru ekki bara hluti af ímynd eða bókmenntaleg minni, heldur hluti af reynsluheimi þessara manna.“

Merkja má áhrif frá skáldum eins og Einari Benediktssyni, Torfhildi Hólm og Sigurði Nordal á Barn náttúrunnar en Haukur bendir líka á það hvernig samtíminn hefur áhrif á það hvernig við upplifum eldri texta. „Mánasteinn eftir Sjón opnaði t.a.m. augu mín fyrir áhrifum kvikmynda á Barn náttúrunnar. Halldór lýsir ýktum geðs hræringum hjá persónum og ég held að það látbragð sé beintengt við þöglu myndirnar. Það mætti líka nefna fyrirlestur Helgu Kress á Hugvísindapíngi á dögnum þar sem hún fjallaði um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum í íslenskum bókmenntum og þá sérstaklega í Heimsljósi. Helga talaði fyrir fullum sal og af viðbrögðum fólks mátti ráða að #metoo byltingin opnaði augu þess fyrir þessum þáttum í höfundarverki Halldórs. Ég held að þetta sýni að fortíðin er ekki klöppuð í stein, hún breytist. Og ég held að sjálfsmýnd okkar breytist um leið. Bókmenntatextar eru ákveðinn mælikvarði á þessar breytingar. Þegar við sjáum eitt-hvað nýtt í texta sem við töldum okkur gjörþekkja þá er það vísbending um að breytingar hafi átt sér stað.“

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Capernaum (ICE SUB)	17:30	Girl (ICE SUB)	20:00
Girl (ENG SUB)	17:45	Taka 5 // Take 5 (ENG SUB)	22:00
Miszmasz czyli Kogel Mogel 3 (ENG SUB)	18:00	Everybody Knows (ICE SUB)	22:15
Yuli-Carlos Acosta Story (ICE SUB)	20:00	Yuli-Carlos Acosta Story (ENG SUB)	22:15
Mug // Twarz (ICE SUB)	20:00		

Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

23. APRÍL 2019

Bókmenntir

Hvað? Bókmenntahátíð á Akureyri
Hvenær? 11.30-19?

Hvar? Menningarhúsið Hofi Boðið verður upp á tvo viðburði sem fara fram á ensku og íslensku. Höfundamót – höfundar, sögupersónur, lesendur. Rithöfundarnir Lily King (Sæluvíma) og Hallgrímur Helgason (60 kg af sólskini) lesa upp úr verkum sínum. Þrjú félagar úr akureyrsku bókaklúbbum Les-endur segja frá sinni upplifun á lestri bókana og vangaveltum sem urðu til við lesturinn. Áheyrendum úti í sal gefst kostur á að spyrja spurninga og taka þátt í umræðunum. Viðburðurinn fer fram á ensku og íslensku. MAÐUR Á MANN er seinni viðburður hátíðarinnar og hefst kl. 17. Þar fara Hallgrímur Helgason og Rannveig Karlsdóttir þjóðfræðingur á trúno og Lily King fer á trúno við Þorgerði Öglu Magnúsdóttur bókaútgefanda. Auk þess les ungskáldið Anna Kristjana Helgadóttir verk eftir sig. Ávarp flytur Þórgnýr Dýrfjörð Akureyrarstofustjóri. Kynnir er Arnar Már Arngrímsson rithöfundur.



Stabat mater mun hljóma í Hafnarfjarðarkirkju.

Tónleikar

Hvað? Stabat Mater eftir Pergolesi
Hvenær? 20

Hvar? Hafnarfjarðarkirkja Jóna G. Kolbrúnardóttir sópran, og Kristín Sveinsdóttir mezzó-sópran flytja verkið ásamt strengjakvintett. Í kvintettinum eru: Páll Palomares fiðla, Gunnhildur Daðadóttir fiðla, Herdís Anna Jónsdóttir lágfiðla, Margrét Árnadóttir selló og Hávarður Tryggvason kontrabassi. Almenn miðaverð er 2.000 en námsmenn borga 1.500 krónur og börn fá frítt inn.

Sýning

Hvað? Að vera kjur eða fara burt? - Sýningaropnun
Hvenær? 16.30

Hvar? Þjóðarbókhlaðan Sýning í tilefni aldarfæmis fyrstu skáldsögu Halldórs Laxness, Barns náttúrunnar. Allir velkomnir.

Athyglisverðar bækur

Fjöldi erlendra rithöfunda mætir á Bókmenntahátíð í Reykjavík en bækur allnokkra þeirra hafa komið út á íslensku.

Hin innerska Arundhati Roy er höfundur verðlaunabókarinnar Guð hins smáa og skáldsaga hennar Ráðuneyti æðstu hamingju hefur einnig komið út á íslensku.

Hin norska Maja Lunde er höfundur skáldsögunnar Blá þar sem fjallað er um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra. Roy Jacobsen hefur verið tilnefndur til fjölda verðlauna fyrir verk sín, þar á meðal Alþjóðlegu

Man Booker verðlaunanna fyrstur Norðmanna fyrir Hin ósýnilegu sem nýlega kom úr í íslenskri þýðingu.

Í fyrra kom út í íslenskri þýðingu Ég er að hugsa um að slúttu þessu eftir Iain Reid en kvikmyndagerðarmaðurinn Charlie Kaufmann vinnur nú að gerð kvikmynda eftir bókinni.

Meira er gríðarlega áhrifamikil skáldsaga eftir hin tyrkneska Hakan Gunday sem fjallar um skelfileg örlög flóttafólks. Mazaroun er palestínskur og bók hans Brandarar handa byssumönnum var

tilnefnd til Alþjóðlegu Man Booker verðlaunanna.

Hvert andartak enn á lífi er eftir Sviann Tom Malmquist hefur hlotið fjölda viðurkenninga. Sæluvíma er bók eftir hina bandarísku Lily King sem komið hefur út á íslensku og eins og Etýður í snjó eftir Yoko Tawada.

Simone van der Vlugt er í hópi þekktustu glæpasagna höfunda Hollands og bók hennar, Þar sem ekkert ógnar þér, kom nýlega út á íslensku. Það sem að baki býr er verðlaunabók eftir hina dönsku Merete Pryds Helle og kom út í íslenskri þýðingu í fyrra.




Rithöfundurinn Hakan Gunday.

Sértilboð til áskrifenda

Áskrifendur að **Skemmtipakka**,
Sportpakka eða **Risapakka**
Stöðvar 2 fá **50% afslátt** af
fallegru Samsung spjaldtölvu.

50%
afsláttur



Samsung Galaxy Tab A WiFi spjaldtölva

- Android stýrikerfi
- 10.1" skjár
- Áttakjarna örgjafi
- 2 GB vinnsluminni
- 8 MP F1.9 myndavél með HDR

Tilboð

14.990 kr. staðgreitt*

Almennt verð 29.990 kr.

Komdu við í næstu verslun
Vodafone og kláraðu málið.



*Á meðan birgðir endast

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

RÚV SJÓNVARP

13.00 Útsvar 2013-2014 Reykjavík - Fljótsdalshérað
14.05 Andri á Færeyjaflandri Edduverðlaunahafinn Andri Freyr siglir til Færeyja og kynnist náfrændum okkar og vinum, lífsháttum þeirra, viðhorfum, síðum og venjum. Umsjón. Andri Freyr Viðarsson. e.
14.35 Eldað með Jóhönnu Vigdís **Kalt fiskisalat og marineruð ýsa**
15.10 Græna herbergið
15.45 Ferðastíklur – Vestur-Skaftafellssýsla
16.35 Menningin – samantekt
17.00 Íslendingar Nina Tryggvadóttir Nína fæddist á Seyðisfirði árið 1913. Hún flutti til Reykjavíkur ung að árum og lauk námi frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1930 og hlaut viðurkenningu fyrir pennateikningu. Hún sótti tíma hjá Finni Jónssyni og Jóhanni Briem í tvo vetur og var við nám í Listaháskólanum í Kaupmannahöfn 1935 til 1939. Hún hélt sína fyrstu sýningu í Reykjavík árið 1942 og sýndi þar expressjónísk olíumálverk, teikningar og smámyndir. Nína sýndi verk sín víða um heim, enda bjó hún erlendis í þrjátíu ár, í London, París og New York. Umsjón og dagskrárgerð. Andrés Indriðason.
17.50 Táknfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargardýr Hin stórskemmtilega og orkumikla Naomi ferðast um heiminn í leit að drungalegum hliðum náttúrunnar. Hún ætlar ekki að láta skrytín, ógnvænleg eða hættuleg dýr valda sér martröð, hver sem þau eru.
18.29 Hönnunarstirnir III
18.45 Bílskúrsbras
18.50 Krakkafréttir Fréttabáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón. Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Kveikur
20.35 Michelinstjörnur – Sögur úr eldhúsinu Heimildarmynd um kokka og veitingastaði víðs vegar um heiminn sem hlotið hafa eina eða fleiri Michelin-stjörnur. Við skygnumst inn í starf þeirra og kynnumst því hvað þarf til að viðhalda stjörnunum eftirsóttu.
21.40 Kapplékur
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 McMafia
23.20 Fortitude Önnur þáttaröð af þessum spennumyndaflokki sem tekinn er hér á landi. Sagan gerist í þorpi á norðurhjaru. Hrottalegur glæpur skekur þorps-samfélagið sem þekkt er fyrir friðsemi og nánd íbúanna. Leikstjóri. Sam Miller. Leikarar. Björn Hlynur Haraldsson, Sofie Gråbøl, Mia Jexen, Luke Treadaway, Jóhann G. Jóhannsson og Dennis Quaid. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
00.05 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.15 RBC Heritage
10.15 RBC Heritage
13.15 PGA Highlights
14.10 RBC Heritage
19.10 Golfing World
20.00 Lotte Championship

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó FM 90,9 Gullbylgjan
FM 89,5 Retro FM 93,5 Rás 1
FM 90,1 Rás 2 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.45 Life in Pieces
14.10 Survivor
14.55 Með Loga
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Will and Grace
20.10 Crazy Ex-Girlfriend
21.00 The Gifted
21.50 Star
22.35 Heathers Heathers er ný þáttaröð sem fjallar um utangarðsnemanda í menntaskóla sem hefnir sín á vinsælu krökkunum, einum í einu.
23.20 The Tonight Show

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Trió Þrír söngvasmiðir
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp Krakka RÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Plágan.
Sögulok
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.25 Battle of the Sexes
13.25 Batman and Harley Quinn
14.45 Ghostbusters
16.40 Battle of the Sexes
18.45 Batman and Harley Quinn
20.05 Ghostbusters
22.00 Sully
23.35 Jesse Stone. Lost In Paradise
01.05 Hateful Eight
03.50 Sully

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.50 Gilmore Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Suits
10.20 Divorce
10.50 Í eldhúsi Evu
11.25 Út um viðan völl
12.00 Um land allt
12.35 Nágrannar
13.00 The X Factor 2017
15.15 The X Factor 2017
16.35 Mom
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakinn
19.20 Veður
19.25 The Goldbergs
19.50 Sporðaköst
20.20 The Village
21.05 The Enemy Within
21.50 Blindspot
22.35 Strike Back
23.30 Last Week Tonight
00.00 Grey's Anatomy
00.45 Veep
01.15 Arrested Development
01.45 You're the Worst
02.10 Lovleg
02.30 Mr. Mercedes
03.25 Mr. Mercedes
04.25 Mr. Mercedes
05.20 Gone
06.05 Gone

STÖÐ 3

19.10 Last Man On Earth
19.35 The Simpsons
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 One Born Every Minute
21.40 Supernatural
22.25 Mommy Dead and Dearest
23.45 Gotham
01.15 Last Man On Earth
01.40 The Simpsons
02.05 Seinfeld
02.30 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.10 Wolves - Brighton
08.50 Bournemouth - Fulham
10.30 West Ham - Leicester
12.10 Dominos deild kvenna
13.45 Domino's Körfuboltakvöld kvenna
14.30 ÍBV - FH
16.00 ÍR - Selfoss
17.30 Seinni bylgjan
18.15 Dominos deild karla Bein útsending frá leik 1 í úrslitaeinvígi Dominos deildar karla.
21.00 Domino's körfuboltakvöld karla
21.50 Brentford - Leeds
23.30 Alaves - Barcelona

STÖÐ 2 SPORT 2

07.50 Newcastle - Southampton
09.30 Eibar - Atletico Madrid
11.10 Stoke - Norwich
12.50 Napoli - Atalanta
14.30 Stjarnan - Haukar
16.00 Chelsea - Burnley
17.40 Premier League Review
18.35 Tottenham - Brighton Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.45 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur
21.10 Watford - Southampton
22.50 Valur - Fram. Leikur 1 Útsending frá leik í úrslitaeinvígi Olís deildar kvenna.
00.15 Seinni bylgjan - Olís deild kvenna

FM 102,9 Lindin

FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan
FM 96,7 Létt Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga
FM 97,7 X-ið FM 100,5 K100

KJÜKLINGA DAGAR 23-30 APRÍL

KJÜKLINGAVÆNGIR
2 FYRIR 1

KJÜKLINGABÖRGARI
BBQ EÐA BUFFALO
1490 KR
MEÐ FRÖNSKUM OG GOSI

KJÜKLINGABITAR
BBQ EÐA BUFFALO
990 KR
3 BITAR, FRANSKAR OG GOS

FJÖLSKYLDUTILBOÐ 10 BITAR - 2L GOS
STÓRFRANSKAR 2990 KR



ATHUGIÐ!
LOKAÐ Á AUSTURSTRÆTI
22-27 APRÍL

VENJULEGUR ÖPNUNARTÍMI
GNOÐAVOCI & MIKLUBRAUT

DIRTY
BURGER
& RIBS



Trendin sem staldra við



Altuzarra



Loewe

Bambus- og eða körfutöskur urðu mjög vinsælar síðasta sumar enda mjög klassískar. Í sumar koma einnig ofnar leðurtöskur stærkar inn, ekki einungis fyrir sólarlandaferðina, heldur einnig í vinnuna og út á lífið.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstils og tisku.

● Facebook ● Instagram ● Twitter

Varmadælar & loftkæling



Wifi búnaður fylgir með öllum varmadælum meðan birgðir endast

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09

Max 3,4 kW

2,65 kW við -7° úti og

20° inni hita (COP 2,85) f. íbúð ca 40m².

Umhverfisvænn kælimiðill



Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land



Chanel

Tiskustraumar koma og fara, sumir hverfa jafn hratt og þeir komu en aðrir staldra lengur við. Glamour hefur tekið saman nokkur trend sem áberandi voru á síðasta ári en munu



Fendi

halda áfram árið 2019, svo þú getir nýtt það sem þú keyptir þér í fyrra.

Hjólábuxurnar eru trend sem kom mörgum á óvart síðasta sumar og héldu margir



Marine Serre

að yrði ekki langlíft. Hjólábuxur voru hins vegar mjög áberandi á tiskupöllum fyrir sumarið. Notaðu þínar við víða skyrtu, dragtarjakka eða stóra boli.



Sies Marjan

Strigaskórnir er einn þægilegasti skóbúnaður sem völ er á og erum við ekki tilbúin að sleppa því trendi, sem vinsælt hefur verið nú í mörg ár. Flest tiskuhús eru með sínar útgáfur, bæði litríka og aðra klassískari. Hvítir strigaskór eru alltaf góð kaup.



JW Anderson



Tom Ford

Brúni liturinn var einn vinsælasti litur síðasta árs þegar kom að fatnaði og verður það áfram fyrir sumarið. Tiskuhús eins og Burberry, Tibi og Max Mara blönduðu saman ljósbrúnum og beinhvítum litatönnum.



Balenciaga



Etro

Margar fjárfestu í dragt síðasta sumar og viljum við halda aðeins lengur í það trend. Dragtir í öllum regnbogans litum voru áberandi hjá stærstu tiskuhúsunum eins og Balenciaga, Gucci og Emporio Armani fyrir þetta ár. Klassískt og flott.

AFMÆLISAFSLÁTTUR ALLAN APRÍL



AF ÖLLUM VÖRUM

... OG MEIRA AF SUMUM



HEAD POINT
35% AFSL.



SITNES 5
40% AFSL.



W3
50% AFSL.



HUBERT
50% AFSL.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

Förðunin fyrir sumarið

Þó að margir séu vanafastir þegar kemur að förðun þá getur samt verið skemmtilegt að breyta til. Í sumar skaltu leggja áherslu á rauðar varir, fallega húð og jafnvel smá glimmer fyrir augun. Glamour hefur hér tekið saman nokkur förðunartrend sem þú getur prófað þig áfram með í sumar.



Pamella Roland.



Tory Burch.

Náttúrulegt andlit

Náðu fram náttúrulegri förðun með því að halda litunum og förðunarvörðunum í lágmarki. Láttu húðina glansa og leggðu áherslu á þykkar augabrúnir.



Tom Ford.



Tom Ford.

Gulllitað „smokey“

Á tiskusýningu Tom Ford var brún og gulllitað „smokey“ förðun áberandi. Settu gylltan augnskugga í augnkrókinn og þá nærðu fram þessari sannkölluðu glamúrförðun.



Kate Spade.



Kate Spade.

Glimmer á augun

Þú þarft ekki að vera neitt sérstaklega fær til að ná þessari förðun fram. Eina sem þú þarft er að skella smá glimmeri á augnlokin. Haltu annarri förðun í lágmarki.



Hellessy.



Tadashi Shoji.

Rauðar og bjartar varir

Náðu fram frisklegu útliti með rauðum og björtum varalit. Bættu svo við bleikum kinnalit og smá maskara, fljótleg og flott förðun.

DIRTY DURAN

LAUGARDALSHÖLL 25. JÚNÍ

MÍÐASALA Á TIX KL. 10 Í FYRRAMÁLID





ÁTTU VON Á GESTUM?

LOLLY

Sérlega vandaður ítalskur svefnsofi.

Grátt slitsterkt áklæði.

Sófinn er með 18 cm þykkri hágæðadýnu.

Stærð: 207 x 93 x 100 cm.

Svefnsvæði: 140 x 195 cm.

Fullt verð: 269.900

Kynningartilboð 215.920 kr.



20%
AFSLÁTTUR

KYNNINGARTILBOÐ!



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

**Betra
BAK**



Það var sannarlega góðmennt á frumsýningu Kling Kling í Smárabíói á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/MUMMI

Fer oft út í eitthvað algjört rugl

Rapparin Herra
Hnetusmjör frum-
sýnir nýjan þátt.

Fyrsti þátturinn af Kling-Kling var frumsýndur í Smárabíó á föstudagskvöld en þættirnir koma úr smíðju rapparans Herra Hnetusmjörs. Í þáttunum fetar rapparinn nokkuð ótroðnar slóðir ásamt friðu föruneysi og fer yfir það helsta sem íslenskt samfélag hefur upp á að bjóða.

Í samtali við Fréttablaðið segir rapparinn að í þáttunum verði prófaðir hlutir sem ekki hafi áður sést í íslensku sjónvarpi en nýr gestastjórnandi verður með rapparanum í hverjum þætti. Þar á meðal eru söngvarinn Frikki Dór, Briet og plötusnúðurinn Dóra Júlía en í fyrsta þættinum mun söngkonan GDRN stýra þættinum ásamt Herra Hnetusmjör.

„Ég fæ til mín einn gestastjórnandi og það er nýtt viðfangsefni í hverjum þætti. Þættirnir ganga út á það að við könnum nýjan hlut í hverjum þætti, í þremur mismunandi útfærslum. Í fyrsta þættinum tókum við til dæmis fyrir bíla og prófum ódýrasta, miðlungs og dýrasta,“ segir rapparinn en hann segir að viðtökurnar hafi hingað til verið afar góðar og að umfjöllunarefni í næstu þáttum muni koma fólki á óvart.

„Við prófuðum ýmislegt sem meðalmaðurinn hefur kannski ekki tók á að prófa. Eins og þegar við prófum það dýrasta sem völ er á, að þá fer þetta oft út í eitthvað algjört rugl,“ segir rapparinn. – oæg



Herra Hnetusmjör, vígalegur að vanda. FRÉTTABLAÐIÐ/MUMMI

LÍFIÐ ER Á FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir johannahelga@frettabladid.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Guðaf Bjarnason guðaf@frettabladid.is, Hjördis Zoëga Hjördis hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is **FOLK/SERBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is **FOLK OG SERBLÖÐ EFNÍ:** Benedikt Boas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is **RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir guðrunga@frettabladid.is

OLÍS-DEILDIN

ÚRSLITARIMMAN HEFST Í DAG!



FRAM



VALUR

**MÆTUM Á VÖLLINN
OG STYÐJUM OKKAR LIÐ**

#Olísdeildin

Þriðjudaginn	23. apr.	19:30
Fimmtudaginn	25. apr.	16:00
Sunnudaginn	28. apr.	16:00
Miðvikudaginn	1. maí	14:00
Laugardaginn	4. maí	16:00

Origo-höllin	Valur - Fram
Framhús	Fram - Valur
Origo-höllin	Valur - Fram
Framhús	Fram - Valur
Origo-höllin	Valur - Fram



BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Þjóðráð geng þjóðarpíringi

Svo virðist sem píringur landsmanna sé með mesta móti þessa dagana og er tilefnið efalítið ærið. Háir herrar hafa, tiltölulega klakklaust, komist frá því að gera þjóðinni mikinn skaða sem alþýða borgar með sínu fé og mórölsku mæðu meðan pöpullinn fær ekki einu sinni stöðumælasektina afskrifaða og á sifjellt erfiðara með að koma sér þak yfir höfuð og börnum á legg. Þessu þarf að breyta. Hins vegar er óhófleg reiði ekki góð til þess. Fyrir því liggja helst þrjár aðstæður:

1) Hún er óhollari en flest sem hugsast getur og dregur menn frekar nær dauða en réttlátu þjóðfélagi.

2) Henni er venjulegast fússað í fangi þess sem ekkert hefur með málið að gera. Til dæmis held ég að skot nettrölsins í raunheimum hafi geigað þegar hann hleypti af í Hagkaupi. Slik klámhögghafa sært alltof marga.

3) Síðan er svo skelfilega leiðinlegt að þjóna reiðinni að það er beinlínis heimskulegt miðað við það að lífið er stutt og á að vera skemmtilegt. Þar að auki gerir hún mann vitlausari en maður í raun og veru er.

En þar sem það var skáld sem lenti í þjóðarreidinni má nota tækni skáldskaparins til að eiga við þetta. Fernando Pessoa var mikill stílfraeðingur og hannaði ófa hliðarsjál sem voru svo lifandi að hann gat sent eitt þeirra, Ricardo Reis, til að afboða fund. Þegar skáldið var harmi þrungið gat hann líka hlaðið þrautir sínar á hliðarsjálfin. Og þar sem reiðin er eins og þoka sem leyfir okkur hvorki að sjá né hugsa skírt getum við hannað hliðarsjál sem sér menn og atburði ofan frá móðu mæðu okkar. Í slíku þjóðfélagi væri meira að segja skemmtilegt að versla í Hagkaupi.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

Allir í bátana!



SUBWAY

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



GJÖF FYLGIR FERMINGARRÚMUM



Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum



VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna

Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með botni og fótum.

90x200 cm

Verð aðeins kr. 72.900.-

100x200 cm

Verð aðeins kr. 74.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 84.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 94.900.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 109.900.-

Ath. fleiri stærðir í boði.

SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum Verð með botni og fótum

90x200 cm

Verð aðeins kr. 89.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 109.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 124.900.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 139.900.-

Sængur og koddar - Mikið úrval

20% afsl.

Flott fermingar-gjöf

Heilsukoddar - Mikið úrval

Flott fermingar-gjöf

Náttloppar og sængurföt

Mikið úrval - Flottar fermingargjafir



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

FERMINGAR tilboð

DELUXE

Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:

80x200 cm

Verð aðeins kr. 69.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 84.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 94.900.-

Ath. fleiri stærðir í boði.

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00